

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Íran, nr. 384/2014.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

5.4 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/1972 frá 29. september 2025 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2010/413 um þvingunaraðgerðir gegn Íran, sbr. fylgiskjal 5.4.

6.3 Reglugerð ráðsins (ESB) 2025/1975 frá 29. september 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) 267/2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran, sbr. fylgiskjal 6.3.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 18. desember 2025.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 5.4.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2025/1972****frá 29. september 2025****um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 26. júlí 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/413/SSUÖ⁽¹⁾ um þvingunaraðgerðir gegn Íran.
- 2) Hinn 14. júlí 2015 komust Kína, Frakkland, Þýskaland, Rússneska sambandsríkið, Bretland og Bandaríkin, með stuðningi æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“), að samkomulagi við Íran um heildarlausn til langs tíma í kjarnorkumálum Írans. Full framkvæmd sameiginlegu heildaráætlunarinnar um framkvæmd mun tryggja að kjarnorkuáætlun Írans sé einvörðungu í friðsamlegum tilgangi og stuðla að heildarafnámi allra refsiaðgerða sem tengjast kjarnorkumálum.
- 3) Hinn 20. júlí 2015 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2231 (2015) um stuðning við sameiginlegu heildaráætlunina um framkvæmd og hvatti til þess að hún yrði framkvæmd að fullu í samræmi við tímaáætlun sem sett er fram í henni og kveður á um að aðgerðir skuli framkvæmdar í samræmi við sameiginlegu heildaráætlunina um framkvæmd.
- 4) Hinn 20. júlí 2015 fagnaði ráðið og studdi sameiginlegu heildaráætlunina um framkvæmd og skuldbatt sig til að fara að skilmálum hennar og fylgja samþykktri framkvæmdaáætlun. Ráðið studdi einnig að fullu ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2231 (2015).
- 5) Hinn 18. október 2015 samþykkti ráðið yfirlýsingu 2015/C 345/01⁽²⁾, þar sem tekið er fram að skuldbindingin um að afnema allar refsiaðgerðir Sambandsins sem tengjast kjarnorkumálum í samræmi við sameiginlegu heildaráætlunina um framkvæmd, hafi ekki áhrif á úrræði til lausnar deilumála, sem sett er fram í sameiginlegu heildaráætluninni um framkvæmd og um endurupptöku refsiaðgerða Sambandsins ef Íran stendur ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt þeirri áætlun. Enn fremur skuldbatt ráðið sig til að taka tafarlaust upp aftur allar refsiaðgerðir Sambandsins sem tengjast kjarnorkumálum, sem búið var að stöðva tímabundið eða þeim hætt, ef í ljós koma verulegar vanefndir af hálfu Írans á skuldbindingum sínum, samkvæmt sameiginlegu heildaráætluninni um framkvæmd, að fram komnum sameiginlegum tilmælum æðsta fulltrúans, Frakklands, Þýskalands og Bretlands til ráðsins.
- 6) Hinn 14. janúar 2020 barst æðsta fulltrúanum, sem samræmingaraðila sameiginlegu nefndar sameiginlegu heildaráætlunarinnar um framkvæmd (hér á eftir nefndur „samræmingaraðilinn“) bréf frá utanríkisráðherrum Frakklands, Þýskalands og Bretlands þar sem máli varðandi framkvæmd skuldbindinga Írans samkvæmt sameiginlegu heildaráætluninni um framkvæmd er vísað til sameiginlegu nefndarinnar til úrlausnar fyrir tilstilli úrræðisins til lausnar deilumála, eins og sett er fram í 36. mgr. sameiginlegu heildaráætlunarinnar um framkvæmd. Sama dag gaf samræmingaraðilinn út yfirlýsingu þar sem fram kemur að hann muni hafa umsjón með ferlinu sem felur í sér úrræði til lausnar deilumála (hér á eftir nefnt „ferlið“).
- 7) Hinn 24. janúar 2020 gaf samræmingaraðilinn út yfirlýsingu þar sem greint var frá því að samkvæmt ferlinu hefði hann staðið fyrir viðtæku tvíhliða og sameiginlegu samráði og að allir þátttakendur í sameiginlegu heildaráætluninni um framkvæmd hefðu ítrekað ásetning sinn um að varðveita sameiginlegu heildaráætlunina um framkvæmd, sem væri í þágu allra. Samræmingaraðilinn tók fram að, þrátt fyrir mismunandi fyrirkomulag, væri samkomulag um að þörf væri á lengri tíma vegna þess hve flókin viðkomandi mál væru. Tímalína ferlisins var því framlengd. Allir hlutaðeigandi aðilar samþykktu að efna til viðræðna á sérfræðistigi til að bregðast við áhyggjum að því er varðar notkun á kjarnorku, sem og viðtækari áhrifum af úrsögn Bandaríkjanna úr sameiginlegu heildaráætluninni um framkvæmd og endurupptöku refsiaðgerða þeirra gegn Íran, en allir þátttakendur heildaráætlunarinnar um framkvæmd höfðu látið í ljós eftirsjá í því sambandi.
- 8) Í sameiginlegri ráðherryfirlýsingu um sameiginlegu heildaráætlunina um framkvæmd 21. desember 2020 lögðu þátttakendur í henni enn á ný áherslu á skuldbindingu sína um að viðhalda samningnum og ítrekuðu viðleitni sína í því tilliti. Í yfirlýsingunni var lögð áhersla á að ráðherrarnir hefðu rætt um hve full og skilvirk framkvæmd sameiginlegu heildaráætlunarinnar um framkvæmd af hálfu allra væri ennþá afar mikilvæg og um nauðsyn þess að takast á við viðvarandi áskoranir í tengslum við framkvæmd, þ.m.t. skuldbindingar um að hefta útbreiðslu kjarnavopna og að aflétta refsiaðgerðum. Ráðherrarnir samþykktu að halda áfram

viðræðum til að tryggja að sameiginlega heildaráætlunin um framkvæmd komi til framkvæmda að fullu af hálfu allra aðila. Ráðherrarnir viðurkenndu möguleikann á að Bandaríkin myndu aftur taka þátt í sameiginlegu heildaráætluninni um framkvæmd og lögðu áherslu á vilja sinn til að bregðast jákvætt við þeirri endurkomu með sameiginlegu átaki.

- 9) Frá apríl 2021 til ágúst 2022 leiddi samræmingaraðilinn diplómatískar viðræður til að semja um að Bandaríkin myndu aftur taka þátt í sameiginlegu heildaráætluninni um framkvæmd og til að tryggja fulla og skilvirka framkvæmd Írans í sameiginlegu heildaráætluninni um framkvæmd. Þrátt fyrir þessa viðleitni, þ.m.t. nokkrir fundir sameiginlegu nefndarinnar á þessu tímabili, var ekki unnt að komast að samkomulagi.
- 10) Hinn 14. september 2023 barst samræmingaraðilanum bréf frá utanríkisráðherrum Frakklands, Þýskalands og Bretlands sem tengist framkvæmd sameiginlegu heildaráætlunarinnar um framkvæmd. Utanríkisráðherrarnir lýstu því yfir að Íran hafi ekki farið eftir áætluninni frá árinu 2019 og að þeir litu svo á að málið hefði ekki verið leyst með ferlinu. Þeir lýstu yfir þeim ásetningi sínum að grípa ekki til ráðstafana varðandi afnám frekari refsiaðgerða 18. október 2023, á umbreytingardegi sameiginlegu heildaráætlunarinnar um framkvæmd. Sama dag gaf samræmingaraðilinn út yfirlýsingu þess efnis að hann hefði dreift ráðherra-bréfinu til annarra þátttakenda í sameiginlegu heildaráætluninni um framkvæmd og að hann myndi hafa samráð við alla þátttakendur í sameiginlegu heildaráætluninni um framkvæmd um leið fram á við.
- 11) Hinn 6. október 2023 gaf samræmingaraðilinn út yfirlýsingu þar sem fram kemur að í kjölfar samráðs við þátttakendur í sameiginlegu heildaráætluninni um framkvæmd væri málið er varðaði framkvæmd skuldbindinga Írans samkvæmt henni enn óleyst í ljósi þeirra ólíku sjónarmiða sem fram hefðu komið.
- 12) Hinn 16. október 2023 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2023/2195⁽³⁾, sem breytir ákvörðun 2010/413/SSUÖ. Ráðið taldi að Sambandið hefði gildar ástæður til að viðhalda þvingunaraðgerðum gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum, sem eru á skrá í I. og II. viðauka við ákvörðun ráðsins 2010/413/SSUÖ og í VIII. og IX. viðauka við reglugerð ráðsins (ESB) nr. 267/2012⁽⁴⁾, eftir umbreytingardag sameiginlegu heildaráætlunarinnar um framkvæmd. Því voru nöfn þessara aðila og rekstrareininga færð úr I. viðauka við ákvörðun ráðsins 2010/413/SSUÖ í II. viðauka við þá ákvörðun og úr VIII. viðauka við reglugerð ráðsins (ESB) nr. 267/2012 í IX. viðauka við þá reglugerð.
- 13) Enn fremur taldi ráðið að Sambandið hefði gildar ástæður til að viðhalda þvingunaraðgerðum, eftir umbreytingardag sameiginlegu heildaráætlunarinnar um framkvæmd, varðandi sendingarþjónustu á sviði fjármála sem tengist flutningageiranum, varðandi kjarnorkustarfsemi sem gæti leitt til útbreiðslu kjarnavopna og tengdrar þjónustu, og varðandi málma og tengda þjónustu, hugbúnað og tengda þjónustu og vopn og tengda þjónustu.
- 14) Ráðið taldi einnig að Sambandið hefði gildar ástæður til að binda ekki enda á þvingunaraðgerðirnar eftir að umbreytingardeginum lauk, en þær voru stöðvaðar tímabundið á framkvæmdardegi sameiginlegu heildaráætlunarinnar um framkvæmd með ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/1863⁽⁵⁺⁾.
- 15) Hinn 28. ágúst 2025 barst samræmingaraðilanum og forseta öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna bréf frá utanríkisráðherrum Frakklands, Þýskalands og Bretlands sem tengist framkvæmd sameiginlegu heildaráætlunarinnar um framkvæmd. Með þessu bréfi tilkynntu utanríkisráðherrarnir öryggisráði Sameinuðu þjóðanna að þeir teldu, á grundvelli staðreynda, að Íran stæði ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt sameiginlegu heildaráætluninni um framkvæmd og þar með hófu þeir málsmeðferð við að koma aftur á refsiaðgerðum Sameinuðu þjóðanna sem aflétt var samkvæmt ályktun öryggisráðs SP nr. 2231 (2015), í samræmi við 11. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2231 (2015).
- 16) Hinn 29. ágúst 2025, í samræmi við yfirlýsingu ráðsins 2015/C 345/01, sendu æðsti fulltrúinn, Frakkland og Þýskaland sameiginleg tilmæli til ráðsins þar sem mælt var með því að allar refsiaðgerðir Sambandsins sem tengjast kjarnorkumálum, sem höfðu verið stöðvaðar tímabundið eða þeim hætt eða hvort tveggja, yrðu settar á að nýju án tafar þegar refsiaðgerðir Sameinuðu þjóðanna hefðu verið teknar upp að nýju, í samræmi við ályktun öryggisráðs SP nr. 2231 (2015).
- 17) Hinn 27. september 2025 hafði öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ekki samþykkt nýja ályktun til að halda áfram að aflétta refsiaðgerðum innan 30 daga frá tilkynningunni frá 28. ágúst 2025. Í samræmi við ákvæði 37. mgr. sameiginlegu heildaráætlunarinnar um framkvæmd ber því að taka aftur upp ákvæði ályktana öryggisráðs SP nr. 1696 (2006), nr. 1737 (2006), nr. 1747 (2007), nr. 1803 (2008), nr. 1835 (2008) og nr. 1929 (2010).
- 18) Ráðið telur að Sambandið hafi gildar ástæður til að taka upp allar refsiaðgerðir Sambandsins gagnvart Íran sem tengjast kjarnorkumálum sem hafa verið stöðvaðar tímabundið eða þeim hætt samkvæmt sameiginlegu heildaráætluninni um framkvæmd.

- 19) Í þessu samhengi telur ráðið að með tilliti til útbreiðslustarfsemi Írana ætti að viðhalda ströngustu takmörkunum, einkum að því er varðar hluti, efnivið, tækjabúnað, vörur og tækni sem er að finna á listum kjarnbirgjahópsins og eftirlitskerfisins með flugskeytatækni.
- 20) Í samræmi við ákvæði 37. mgr. sameiginlegu heildaráætlunarinnar um framkvæmd skal endurupptaka þvingunaraðgerða ekki gilda afturvirktt um samninga sem gerðir eru fyrir 30. september 2025 eða um fylgisamninga vegna framkvæmdar þess háttar samninga að því tilskildu að starfsemi samkvæmt slíkum samningum og framkvæmd þeirra sé í samræmi við sameiginlegu heildaráætlunina um framkvæmd og endurupptekin ákvæði.
- 21) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum ráðstöfunum í framkvæmd.
- 22) Því ætti að breyta ákvörðun 2010/413/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2010/413/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 2. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi:
„2. Bann það er um getur í 1. mgr. gildir ekki um beina eða óbeina tilflutning hluta, er um getur í i. og ii. undirlið b-liðar 3. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1737 (2006) og ætlaðir eru fyrir léttvatnskljúfa, sem hafin var fyrir desember 2006, til eða til notkunar í eða til hagsbóta fyrir Íran með gegnumför um yfirráðasvæði aðildarríkja.“
- 2) Í stað 3. gr. c kemur eftirfarandi:

„3. gr. c

1. Bönnin, sem sett eru fram í 3. gr. a, hafa ekki, fram til 1. janúar 2026, áhrif á efndir samninga sem gerðir eru fyrir 30. september 2025 eða fylgisamninga sem eru nauðsynlegir vegna framkvæmdar þess háttar samninga, sem gerðir verða og framkvæmdir eigi síðar en 1. janúar 2026.
2. Bönnin, sem sett eru fram í 3. gr. a, hafa ekki áhrif á efndir skuldbindinga sem kveðið er á um í samningum sem gerðir eru fyrir 30. september 2025 eða í fylgisamningum sem eru nauðsynlegir fyrir efndir slíkra skuldbindinga, þegar útvegum hráolíu og jarðolíuafurða frá Íran eða ágóði sem hlýst af útvegum þeirra fer til endurgreiðslu útistandandi fjárhæða, vegna samninga sem eru gerðir fyrir 30. september 2025, til aðila eða rekstrareininga innan yfirráðasvæða aðildarríkja eða innan lögsögu þeirra, þar sem þeir samningar kveða sérstaklega á um slíka endurgreiðslu.“

- 3) Í stað 3. gr. d kemur eftirfarandi:

„3. gr. d

1. Bönnin, sem sett eru fram í 3. gr. b, hafa ekki, fram til 1. janúar 2026, áhrif á efndir samninga sem gerðir eru fyrir 30. september 2025 eða fylgisamninga sem eru nauðsynlegir vegna framkvæmdar þess háttar samninga, sem gerðir verða og framkvæmdir eigi síðar en 1. janúar 2026.
2. Bönnin, sem sett eru fram í 3. gr. b., hafa ekki áhrif á efndir skuldbindinga, sem kveðið er á um í samningum sem gerðir eru fyrir 30. september 2025 eða í fylgisamningum, sem eru nauðsynlegir fyrir efndir slíkra skuldbindinga, þegar útvegum efnis sem er unnið úr jarðolíu eða jarðgasi eða ágóði sem hlýst af útvegum þess, fer til endurgreiðslu útistandandi fjárhæða, vegna samninga sem eru gerðir fyrir 30. september 2025, til aðila eða rekstrareininga innan yfirráðasvæða aðildarríkja eða innan lögsögu þeirra, þar sem þeir samningar kveða sérstaklega á um slíka endurgreiðslu.“

- 4) Í stað 1., 2., 3. og 4. mgr. 4. gr. b kemur eftirfarandi:

- „1. Bannið, sem sett er fram í 1. mgr. 4. gr., hefur ekki áhrif, fram til 1. janúar 2026, á efndir skuldbindinga sem tengist afhendingu vara sem kveðið er á um í samningum sem gerðir eru fyrir 30. september 2025.
2. Bönnin, sem sett eru fram í 4. gr., hafa ekki áhrif, fram til 1. janúar 2026, á efndir skuldbindinga sem stafa af samningum sem gerðir eru fyrir 30. september 2025 og tengjast fjárfestingum sem fyrirtæki með staðfestu í aðildarríkjunum hafa stofnað til í Íran fyrir síðarnefndu dagsetninguna.
3. Bannið, sem sett er fram í 1. mgr. 4. gr. a, hefur ekki áhrif, fram til 1. janúar 2026, á efndir skuldbindingar sem tengist afhendingu vara sem kveðið er á um í samningum sem gerðir eru fyrir 30. september 2025.
4. Bönnin, sem sett eru fram í 4. gr. a, hafa ekki áhrif, fram til 1. janúar 2026, á efndir skuldbindingar sem stafa af samningum sem gerðir voru til og með 30. september 2025 og tengjast fjárfestingum sem fyrirtæki með staðfestu í aðildarríkjunum hafa stofnað til í Íran fyrir fyrrnefndar dagsetningar.“

- 5) Í stað 4. gr. f kemur eftirfarandi:

„4. gr. f

Bönnin, sem sett eru fram í 4. gr. e, hafa ekki áhrif, fram til 1. janúar 2026, á efndir samninga sem gerðir eru fyrir 30. september 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru fyrir efndir þess háttar samninga.“

- 6) Í stað 4. gr. h kemur eftirfarandi:

„4. gr. h

Bönnin, sem sett eru fram í 4. gr. g, hafa ekki áhrif, fram til 1. janúar 2026, á efndir samninga sem gerðir eru fyrir 30. september 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru fyrir efndir þess háttar samninga.“

- 7) Í stað 4. gr. j kemur eftirfarandi:

„4. gr. j

Bönnin, sem sett eru fram í 4. gr. i, hafa ekki áhrif, fram til 1. janúar 2026, á efndir samninga sem gerðir eru fyrir 30. september 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru fyrir efndir þess háttar samninga.“

- 8) Í stað 7. gr. kemur eftirfarandi:

„7. gr.

1. Bönnin sem sett eru fram í a- og b-lið 6. gr., eftir því sem við á:

- a) hafa ekki áhrif á efndir skuldbindingar sem stafar af samningum eða samkomulagi sem var gert fyrir 30. september 2025,
- b) skulu ekki koma í veg fyrir að hlutdeild sé aukin, ef slík aukning er skuldbinding samkvæmt samkomulagi sem gengið var frá fyrir 30. september 2025.

2. Bönnin sem sett eru fram í a- og b-lið 6. gr. a, eftir því sem við á:

- a) hafa ekki áhrif á efndir skuldbindingar sem stafar af samningum eða samkomulagi sem var gert fyrir 30. september 2025,
- b) skulu ekki koma í veg fyrir að hlutdeild sé aukin, ef slík aukning er skuldbinding samkvæmt samkomulagi sem gengið var frá fyrir 30. september 2025.“

- 9) Ákvæðum 15. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 1. og 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu skoða, í samstöðu við innlend yfirvöld og í samræmi við eigin löggjöf og reglur þjóðaréttar, einkum hafrétt og viðeigandi samninga um alþjóðaflugmál, allar farmsendingar til og frá Íran á yfirráðasvæðum sínum, m.a. í höfnum og á flugvöllum, búi þau yfir upplýsingum sem gefa gilda ástæðu til að ætla að farmurinn innihaldi hluti sem bannað er að afhenda, selja, flytja til eða flytja út samkvæmt þessari ákvörðun.

2. Aðildarríki geta, samkvæmt reglum þjóðaréttar, einkum hafrétti, farið fram á að skip verði skoðuð á úthöfum með samþykki fánaríkis, búi þau yfir upplýsingum sem gefa gilda ástæðu til að ætla að viðkomandi skip flytji hluti sem bannað er að afhenda, selja, flytja til eða flytja út samkvæmt þessari ákvörðun.“

- b) Í stað 5. og 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Aðildarríkin skulu, þegar skoðun skv. 1. eða 2. mgr. fer fram, leggja hald á og ráðstafa hlutum sem bannað er að afhenda, selja, flytja til eða flytja út samkvæmt þessari ákvörðun og 16. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1929 (2010), t.d. með því að farga þeim, gera þá ónothæfa, geyma eða flytja til ríkis, annars en uppruna- eða ákvörðunarríkja, til ráðstöfunar. Fyrirnefnd haldlagning eða ráðstöfun skal fara fram á kostnað innflytjandans eða, ef ekki reynist unnt að endurheimta þessi útgjöld úr hendi innflytjandans er heimilt, í samræmi við landslöggjöf, að endurheimta þau úr hendi hvaða annars einstaklings eða rekstrar-einingar sem er sem ber ábyrgð á tilraun til hinnar ólöglegu afhendingar, sölu, tilflutnings eða útflutnings.

6. Lagt er bann við því að ríkisborgarar aðildarríkja veiti skipum í íranskri eigu eða skipum sem Íranir nota samkvæmt samningi, þ.m.t. leiguskip, þjónustu sem tengist eldsneytistöku, eða birgðaðþjónustu eða annarri þjónustu við skip eða að slík þjónusta sé veitt frá yfirráðasvæðum innan lögsögu þeirra, búi aðildarríkin yfir upplýsingum sem gefa gilda ástæðu til að ætla að skipin flytji hluti sem bannað er að afhenda, selja, flytja til eða flytja út samkvæmt þessari ákvörðun, nema slík þjónusta sé nauðsynleg í mannúðarskyni eða þar til lokið er við að skoða farminn og leggja hald á hann og ráðstafa honum, ef nauðsyn krefur, í samræmi við 1., 2. og 5. mgr.“

- 10) Í stað 18. gr. kemur eftirfarandi:

„18. gr.

Lagt er bann við því að ríkisborgarar aðildarríkja veiti írönskum vörulöftförum flugvirkja- eða viðhaldsþjónustu, eða að slík þjónusta sé veitt frá yfirráðasvæðum aðildarríkja, búi þau yfir upplýsingum, sem gefa gilda ástæðu til að ætla að fyrrnefnd loftför flytji hluti sem bannað er að afhenda, selja, flytja til eða flytja út samkvæmt þessari ákvörðun, nema slík þjónusta sé nauðsynleg í mannúðar- eða öryggisskyni eða þar til lokið er við að skoða farminn, leggja hald á hann og ráðstafa honum ef nauðsyn krefur, í samræmi við 1. og 5. mgr. 15. gr.“

11) Ákvæðum 19. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í 1. mgr. falla d- og e-liðir brott.
- b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Bann það er um getur í 1. mgr. gildir ekki um gegnumferð um yfirráðasvæði aðildarríkjanna vegna starfsemi, sem tengist beint þeim hlutum sem eru tilgreindir í i. og ii. undirlið b-liðar 3. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1737 (2006) og ætlaðir eru fyrir léttvatnaskljúfa, sem hafin var fyrir desember 2006.“

c) Í stað ii. liðar 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„ii. nauðsynjar þess að ná fram markmiðum ályktunar öryggisráðs SP nr. 1737 (2006) og nr. 1929 (2010), þ.m.t. þegar ákvæði XV. gr. stofnsamþykktar Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar eiga við.“

d) Í stað 9. og 10. mgr. kemur eftirfarandi:

„9. Í þeim tilvikum þegar aðildarríki heimilar skv. 4., 5. og 7. mgr. komu einstaklinga, sem skráðir eru í I. eða II. viðauka, inn á yfirráðasvæði sitt eða för þeirra um það, skal leyfið takmarkast við tilgang leyfisveitingarinnar og hlutaðeigandi einstaklinga.

10. Hafi undanþága verið veitt skulu aðildarríki tilkynna nefndinni um komu einstaklinga, er um getur í I. viðauka, til yfirráðasvæða sinna eða för þeirra um þau.“

12) Ákvæðum 20. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í 1. mgr. falla d- og e-liðir brott.
- b) Í stað lokaorðanna í 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„að fram kominni tilkynningu hlutaðeigandi aðildarríkis til nefndarinnar um þá fyrirætlun sína að heimila, þar sem það á við, aðgengi að fyrrnefndum fjármunum og efnahagslegum auði, hafni nefndin því ekki innan fimm virkra daga frá tilkynningunni.“

c) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Einnig er heimilt að veita undanþágur vegna fjármuna og efnahagslegs auðs sem eru:

- a) nauðsynlegir vegna óvenjulegra útgjalda, að fram kominni tilkynningu hlutaðeigandi aðildarríkis til nefndarinnar og að fengnu samþykki hennar,
- b) andlag dóms-, stjórnvalds- eða gerðardómsveðs eða niðurstöðu dómstóls, stjórnvalds eða gerðardóms, þar sem kveðið er á um að nota megi fjármunina og hinn efnahagslega auð til þess að uppfylla skilyrði veðsins eða fyrrnefndrar niðurstöðu, að því tilskildu að veðið eða niðurstaðan hafi verið skráð fyrir dagsetningu ályktunar öryggisráðs SP nr. 1737 (2006) og sé ekki til hagsbóta fyrir einstakling eða rekstrareiningu, er um getur í 1. mgr., eftir að hlutaðeigandi aðildarríki hefur sent nefndinni tilkynningu þessu viðvíkjandi,
- c) nauðsynlegir vegna starfsemi, sem tengist beint þeim hlutum sem eru tilgreindir í i. og ii. undirlið b-liðar 3. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1737 (2006) og ætlaðir eru fyrir léttvatnaskljúfa, sem hafin var fyrir desember 2006.“

d) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir að tilgreindur aðili eða rekstrareining geti innt af hendi greiðslu samkvæmt samningi, sem var gerður áður en hann eða hún var færð á skrá, að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi gengið úr skugga um að:

- a) viðkomandi samningur tengist ekki neinum hlutum, efniviði, tækjabúnaði, vörum, tækni, aðstoð, þjálfun, fjárhagsaðstoð, fjárfestingu, miðlun eða þjónustu er um getur í 1. gr.,
- b) aðili eða rekstrareining, sem um getur í 1. mgr., veiti greiðslunni ekki viðtöku með beinum né óbeinum hætti,

og eftir að hlutaðeigandi aðildarríki hefur tilkynnt nefndinni, 10 virkum dögum áður en neðangreind heimild er veitt, um þá fyrirætlun að inna fyrrnefnda greiðslu af hendi eða veita henni viðtöku eða að heimila, þar sem það á við, að fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur í þessu skyni.“

- 13) Í stað 22. gr. kemur eftirfarandi:

„22. gr.

Tilgreindum aðilum eða rekstrareiningum, sem eru á lista í I. eða II. viðauka, eða öðrum aðila eða rekstrar einingu í Íran, þ.m.t. ríkisstjórn Írans, eða aðila eða rekstrareiningu, sem gerir kröfur á vegum eða í þágu fyrrnefnds aðila eða rekstrareiningar, skal óheimilt að gera nokkrar kröfur vegna ráðstafana sem ákveðnar hafa verið samkvæmt ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1737 (2006), 1747 (2007), 1803 (2008) eða 1929 (2010), þ.m.t. ráðstafanir Sambandsins eða aðildarríkja þess, sem er krafist vegna eða í tengslum við framkvæmd viðeigandi ákvarðana öryggisráðsins eða þeirra ráðstafana sem ákvörðun þessi tekur til, þ.m.t. kröfur um bætur eða aðrar kröfur af því tagi, t.d. krafa um jöfnun eða krafa samkvæmt tryggingu, í tengslum við samninga eða viðskipti sem fyrrnefndar ráðstafanir höfðu, beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta, áhrif á.“

- 14) Í stað 23. gr. kemur eftirfarandi:

„23. gr.

1. Ráðið skal framfylgja breytingum á I. viðauka á grundvelli ákvarðana öryggisráðsins eða nefndarinnar.
2. Ráðið skal, einróma og að tillögu aðildarríkja eða æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, taka saman skrána í II. viðauka og samþykkja breytingar á henni.“

- 15) Í stað 1. og 2. mgr. 24. gr. kemur eftirfarandi:

- „1. Setji öryggisráðið eða nefndin aðila eða rekstrareiningu á skrá skal ráðið fella þann aðila eða þá rekstrareiningu inn í I. viðauka.
2. Ákveði ráðið að aðgerðir, er um getur í b- og c-lið 1. mgr. 19. gr. og b- og c-lið 1. mgr. 20. gr., skuli taka til aðila eða rekstrareiningar, skal það gera viðeigandi breytingu á II. viðauka.“

- 16) Í stað 25. gr. kemur eftirfarandi:

„25. gr.

1. Í I. og II. viðauka skal tilgreina ástæður þess að aðilar og rekstrareiningar eru færðir á skrá, eins og öryggisráðið eða nefndin segir fyrir um, að því er I. viðauka viðvíkur.
2. Í I. og II. viðauka skulu einnig koma fram, ef þær liggja fyrir, nauðsynlegar upplýsingar, sem öryggisráðið eða nefndin tilgreinir að því er I. viðauka viðvíkur, til þess að unnt sé að bera kennsl á viðkomandi einstaklinga eða rekstrareiningar. Að því er einstaklinga varðar geta fyrrnefndar upplýsingar innihaldið nöfn, þ.m.t. tökuheiti, fæðingardag og -stað, þjóðerni, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er rekstrareiningar varðar geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð. Í I. og II. viðauka skal einnig koma fram dagsetning tilgreiningar á skrá.“

- 17) Ákvæðum 26. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Fella úr gildi ber þeim aðgerðum er um getur í b-lið 1. mgr. 19. gr. að því er þær varða hr. Ali Akbar Salehi.“

- b) Ákvæði 5. mgr. falla brott.

- 18) Ákvæði 26. gr. a, 26. gr. b, 26. gr. c, 26. gr. d, 26. gr. f og 26. gr. g falla brott.

- 19) Ákvæði III., IV., V. og VI. viðauka falla brott.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 29. september 2025.

Fyrir hönd ráðsins,
forseti.
M. BØDSKOV

(¹) Ákvörðun ráðsins 2010/413/SSUÖ frá 26. júlí 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2007/140/SSUÖ (Stjtið. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 39, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2010/413/oj>).

(²) Yfirlýsing ráðsins 2015/C 345/1 frá 18. október 2015 (Stjtið. ESB C 345, 18.10.2015, bls. 1).

(³) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/2195 frá 16. október 2023 um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran (Stjtið. ESB L, 2023/2195, 17.10.2023, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2023/2195/oj>).

(⁴) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 267/2012 frá 23. mars 2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 961/2010 (Stjtið. ESB L 88, 24.3.2012, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2012/267/oj>).

(⁵) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/1863 frá 18. október 2015 um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran (Stjtið. ESB L 274, 18.10.2015, bls. 174, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2015/1836/oj>).

Fylgiskjal 6.3.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2025/1975

frá 29. september 2025

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 267/2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran

RÁÐ EVRÓPUSAMBANÐSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/1972 frá 29. september 2025 um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran(¹),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 26. júlí 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/413/SSUÖ(²) og 23. mars 2012 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 267/2012(³) um þvingunaraðgerðir gegn Íran.
- 2) Hinn 14. júlí 2015 komust Kína, Frakkland, Þýskaland, Rússneska sambandsríkið, Bretland og Bandaríkin, með stuðningi æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“), að samkomulagi við Íran um heildarlausn til langs tíma í kjarnorkumálum Írans. Full framkvæmd sameiginlegrar heildaráætlunarinnar um framkvæmd átti að tryggja að kjarnorkuáætlun Írans væri einvörðungu í friðsamlegum tilgangi og stuðla að heildarafnámi allra refsiaðgerða sem tengjast kjarnorkumálum.
- 3) Hinn 20. júlí 2015 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2231 (2015) um stuðning við sameiginlegu heildaráætlunina um framkvæmd sem heildarlausn til langs tíma í kjarnorkumálum Írans.
- 4) Hinn 18. október 2015 samþykkti ráðið yfirlýsingu 2015/C 345/01(⁴), þar sem tekið er fram að skuldbindingin um að afnema allar refsiaðgerðir Sambandsins sem tengjast kjarnorkumálum í samræmi við sameiginlegu heildaráætlunina um framkvæmd, hafi ekki áhrif á úrræði til lausnar deilumála, sem sett er fram í sameiginlegu heildaráætluninni um framkvæmd, og endurupptöku refsiaðgerða Sambandsins ef Íran stendur ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt þeirri áætlun. Enn fremur skuldbatt ráðið sig til að taka tafarlaust aftur upp allar refsiaðgerðir Sambandsins sem tengjast kjarnorkumálum, sem hefðu verið stöðvaðar tímabundið eða þeim hætt, ef í ljós koma verulegar vanefndir af hálfu Írans á skuldbindingum sínum, samkvæmt sameiginlegu heildaráætluninni um framkvæmd, að fram komnum sameiginlegum tilmælum æðsta fulltrúans, Frakklands, Þýskalands og Bretlands til ráðsins.
- 5) Hinn 28. ágúst 2025 barst æðsta fulltrúanum, sem samræmingaraðila sameiginlegrar nefndarinnar um sameiginlegu heildaráætlunina um framkvæmd („samræmingaraðilinn“) og forseta öryggisráðs SP, bréf frá utanríkisráðherrum Frakklands, Þýskalands og Bretlands sem varðar framkvæmd sameiginlegrar heildaráætlunarinnar um framkvæmd. Með þessu bréfi tilkynntu utanríkisráðherrarnir öryggisráði Sameinuðu þjóðanna að þeir teldu, á grundvelli staðreynda, að Íran stæði ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt sameiginlegu heildaráætluninni um framkvæmd og þar með hófu þeir málsmeðferð við að koma aftur á refsiaðgerðum Sameinuðu þjóðanna sem aflétt var samkvæmt ályktun öryggisráðs SP nr. 2231 (2015), í samræmi við 11. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2231 (2015).
- 6) Hinn 29. ágúst 2025 lögðu æðsti fulltrúinn, Frakkland og Þýskaland, í samræmi við tilskipun ráðsins 2015/C 354/01, sameiginleg tilmæli fyrir ráðið þar sem mælt var með því að allar refsiaðgerðir Sambandsins sem tengjast kjarnorkumálum, sem höfðu verið stöðvaðar tímabundið eða þeim hætt, eða hvort tveggja, yrðu settar á að nýju án tafar þegar refsiaðgerðir SP hefðu verið teknar upp að nýju, í samræmi við ályktun öryggisráðs SP nr. 2231 (2015).

- 7) Hinn 27. september 2025 hafði öryggisráð SP ekki samþykkt nýja ályktun um að halda áfram að aflétta refsiaðgerðum innan 30 daga frá tilkynningunni frá 28. ágúst 2025. Í samræmi við ákvæði 37. mgr. sameiginlegu heildaráætlunarinnar um framkvæmd verða því ákvæði ályktana öryggisráðs SP nr. 1696 (2006), nr. 1737 (2006), nr. 1747 (2007), nr. 1803 (2008), nr. 1835 (2008) og nr. 1929 (2010) tekin upp að nýju.
- 8) Í samræmi við ákvæði 37. mgr. sameiginlegu heildaráætlunarinnar um framkvæmd skal endurupptaka þvingunaraðgerða ekki gilda afturvirkir um samninga sem gerðir eru fyrir 30. september 2025 eða um fylgisamninga vegna framkvæmdar þess háttar samninga að því tilskildu að starfsemi samkvæmt slíkum samningum og framkvæmd þeirra sé í samræmi við sameiginlegu heildaráætlunina um framkvæmd og endurupptekin ákvæði.
- 9) Hinn 29. september 2025 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2025/1972 um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ.
- 10) Vald til að breyta skránum í VIII. og IX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 267/2012 ætti að vera í höndum ráðsins til þess að tryggja samræmi við gildandi aðferð við að breyta viðaukunum við ákvörðun (SSUÖ) 2025/1972.
- 11) Aðgerðirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópu-sambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggja að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 12) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 267/2012 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:*1. gr.*

Reglugerð (ESB) nr. 267/2012 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi lið er bætt við:

„t) „millifærsla fjármuna“:

- i. hvers konar viðskipti, sem fara fram fyrir hönd greiðanda fyrir tilstilli greiðsluþjónustuveitanda með rafrænum hætti, í því skyni að viðtakandi greiðslu geti nálgast fjármuni hjá greiðsluþjónustuveitanda, án tillits til þess hvort greiðandi og viðtakandi greiðslu séu einn og sami aðili. Hugtökin greiðandi, viðtakandi greiðslu og greiðsluþjónustuveitandi hafa sömu merkingu og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB⁽⁵⁾.
- ii. hvers konar viðskipti sem fara fram órafrænt, s.s. með reiðufé, ávísun eða greiðslufyrirmælum, með það í huga að gera fjármuni aðgengilega fyrir viðtakanda greiðslu án tillits til þess hvort greiðandi og viðtakandi greiðslu séu einn og sami aðilinn.“

- b) Ákvæði u-liðar falla brott.

- 2) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„2. gr.

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum og tækni sem eru á skrá í I. eða II. viðauka, hvort sem þær eru upprunnar í Sambandinu eða ekki, til íransks aðila, rekstrareiningar eða stofnunar eða til notkunar í Íran.

2. Í I. viðauka skal tilgreina vörur og tækni, þ.m.t. hugbúnaður, sem hafa tvíþætt notagildi eða eru tækni eins og hún er skilgreind í reglugerð ráðsins (EB) nr. 428/2009⁽⁶⁾, að undanskildum tilteknum vörum og tækni eins og tilgreint er í A-hluta I. viðauka við þessa reglugerð.

3. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni, innan fjögurra vikna, um veittar heimildir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 428/2009, að því er varðar vörur og tækni, sbr. A-hluta I. viðauka við þessa reglugerð.

4. Í II. viðauka skal tilgreina aðrar vörur og tækni sem gætu stuðlað að starfsemi Írana á sviði auðgunar, endurvinnslu eða framleiðslu á þungu vatni, stuðlað að þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn eða að starfsemi sem varðar önnur málefni sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (e. International Atomic Energy Agency) hefur látið í ljós að séu áhyggjuefni eða telur vera óafgreidd mál, þ.m.t. þau sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur tekið ákvörðun um.

5. Ákvæði I. og II. viðauka taka ekki til vara og tækni sem er að finna á sameiginlega hergagnalista Evrópu-sambandsins⁽⁷⁾ („sameiginlegi hergagnalistinn“).

3. gr.

1. Afla skal fyrirframheimildar þegar selja á, afhenda, flytja til eða flytja út vörur og tækni sem eru á skrá í II. viðauka A, beint eða óbeint til íransks aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, eða til notkunar í Íran, hvort sem vörurnar eða tæknin er upprunnin í Sambandinu eða ekki.

2. Lögbær stjórnvöld í því aðildarríki þar sem útflytjandinn hefur staðfestu skulu veita fyrirnefnda heimild vegna alls útflutnings sem heimildar er krafist fyrir samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og skal hún vera í samræmi við ítarlegar reglur sem mælt er fyrir um í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 428/2009. Heimildin gildir í gervöllu Sambandinu.

3. Í II. viðauka A skal tilgreina vörur og tækni, aðrar en þær sem eru tilgreindar í I. og II. viðauka, sem gætu stuðlað að starfsemi á sviði auðgunar, endurvinnslu eða framleiðslu á þungu vatni, að þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn eða að starfsemi sem varðar önnur málefni sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin hefur látið í ljós að séu áhyggjuefni eða telur vera óafgreidd mál.

4. Útflytjendur skulu veita viðkomandi lögbærum stjórnvöldum allar viðeigandi og nauðsynlegar upplýsingar vegna umsókna sinna um útflutningsleyfi.

5. Lögbær stjórnvöld skulu ekki heimila sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á vörum eða tækni sem eru tilgreindar í II. viðauka A, ef þau hafa gilda ástæðu til að ákvarða að sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur varanna eða tækninnar sé eða geti verið ætlaður til notkunar í tengslum við einhverja eftirfarandi starfsemi:

- a) starfsemi Írans sem tengist auðgun, uppvinnsla eða þungu vatni,
- b) þróun Írans á burðarkerfi fyrir kjarnavopn eða
- c) rekstur Írans á starfsemi í tengslum við önnur málefni sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin hefur látið í ljós að séu áhyggjuefni eða telur vera óafgreidd mál.

6. Samkvæmt skilyrðum sem sett eru fram í 5. mgr. geta lögbæru stjórnvöldin ógilt, felld niður tímabundið, breytt eða afturkallað útflutningsleyfi sem þau hafa veitt.

7. Neiti lögbært stjórnvald að veita heimild eða ógildi heimild, felli hana tímabundið niður, takmarki verulega eða afturkalli, í samræmi við 5. eða 6. mgr., skal viðkomandi aðildarríki tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um það og deila upplýsingunum, sem málið varða, með þeim, en jafnframt fylgja ákvæðum um upplýsingaleynd í reglugerð ráðsins (EB) nr. 515/97⁽⁸⁾.

8. Áður en aðildarríki veitir heimild í samræmi við 5. mgr. vegna viðskipta sem eru í grundvallaratriðum eins og viðskipti sem falla undir gilda synjun sem gefin er út af öðru aðildarríki eða öðrum aðildarríkjunum skv. 6. og 7. mgr., skal það áður eiga samráð við aðildarríkið eða aðildarríkin sem gáfu út synjunina. Ef viðkomandi aðildarríki ákveður, að höfðu samráði, að veita heimild, skal það tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um það og veita allar viðeigandi upplýsingar til skýringar á ákvörðuninni.

4. gr.

Lagt er bann við því að kaupa, flytja inn eða flytja frá Íran, með beinum eða óbeinum hætti, þær vörur og þá tækni sem eru á skrá í I. eða II. viðauka, hvort sem viðkomandi hlutur er upprunninn í Íran eða ekki.“

3) Ákvæði 2. gr. a, 2. gr. b, 2. gr. c, 2. gr. d, 3. gr. a, 3. gr. b, 3. gr. c og 3. gr. d falla brott.

4) Í stað 5. gr. kemur eftirfarandi:

„5. gr.

1. Lagt er bann við því:

- a) að láta í té, með beinum eða óbeinum hætti, tækniaðstoð, sem tengist vörum og tækni sem eru á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins eða sem tengist því að útvega, framleiða, viðhalda og nota vörur, sem eru á þeim lista, til handa írönskum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum eða til notkunar í Íran,
- b) að láta í té, með beinum eða óbeinum hætti, tæknilega aðstoð eða miðlunarþjónustu, sem tengist þeim vörum og tækni sem eru á skrá í I. eða II. viðauka eða sem tengist því að útvega, framleiða, viðhalda og nota vörur sem eru á skrá í I. eða II. viðauka, til handa írönskum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum eða til notkunar í Íran og
- c) að láta í té, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsaðstoð vegna vara og tækni sem eru á sameiginlega hergagnalista eða eru á skrá í I. eða II. viðauka, þ.m.t., einkum og sér í lagi, styrkir, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar, í tengslum við að selja, afhenda, flytja til eða flytja út slíkar

vörur og tækni eða að útvega tengda tæknilega aðstoð, til handa írönskum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum eða til notkunar í Íran.

2. Að veita eftirfarandi skal háð heimild frá hlutaðeigandi lögbæru yfirvaldi:

- a) tæknilega aðstoð eða miðlunarþjónustu, sem tengist vörum og tækni sem eru á skrá í II. viðauka A og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þær, til handa írönskum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum eða til notkunar í Íran, með beinum eða óbeinum hætti,
- b) fjármagn eða fjárhagsaðstoð, sem tengist vörum og tækni, sem um getur í II. viðauka A, þ.m.t., einkum og sér í lagi, styrkir, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar, í tengslum við að selja, afhenda, flytja til eða flytja út slíkar vörur og tækni eða að útvega tengda tæknilega aðstoð, til handa írönskum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum eða til notkunar í Íran, með beinum eða óbeinum hætti.

3. Lögbær stjórnvöld skulu ekki heimila þau viðskipti sem um getur í 2. mgr., hafi þau gilda ástæðu til að ákvarða að gjörningurinn stuðli að, eða kunni að vera til þess að stuðla að, einhverri þeirri starfsemi sem hér greinir:

- a) starfsemi Írans sem tengist auðgun, uppvinnsla eða þungu vatni,
- b) þróun Írans á burðarkerfi fyrir kjarnavopn eða
- c) rekstur Írans á starfsemi sem tengist öðrum málefnum sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin hefur látið í ljós að séu áhyggjuefni eða telur vera óafgreidd mál.“

5) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„6. gr.

Ákvæði 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 5. gr. gilda ekki um:

- a) beinan eða óbeinan tilflutning vara, sem falla undir B-hluta I. viðauka, um yfirráðasvæði aðildarríkja, þegar þessar vörur eru seldar, afhentar, fluttar til eða fluttar út til Írans, eða til notkunar þar í landi, fyrir léttvatnaskljúfa í Íran sem hafist hefur verið handa við smíði á fyrir desember 2006,
- b) viðskipti í umboði tæknisamvinnuáætlunar Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar,
- c) vörur sem eru afhentar eða fluttar til Írans eða eru til notkunar þar í landi vegna skuldbindinga aðildarríkja að Parísarsamningnum um bann við þróun, framleiðslu, birgðasöfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra frá 13. janúar 1993,
- d) framkvæmd samninga, til 1. janúar 2026, sem eru gerðir fyrir 30. september 2025 um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á vörum og tækni, sbr. C-hluta I. viðauka við þessa reglugerð, eða nauðsynlegra fylgisamninga vegna framkvæmdar þess háttar samninga eða
- e) framkvæmd samninga, til 1. janúar 2026, sem eru gerðir fyrir 30. september 2025 um veitingu tækni-aðstoðar eða fjármagns eða fjárhagsaðstoðar sem tengist vörum og tækni, sbr. C-hluta I. viðauka við þessa reglugerð.

7. gr.

1. Lögbær stjórnvöld geta, með fyrirvara um b-lið 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 359/2011, veitt heimild, eftir þeim skilyrðum og skilmálum sem þau telja eiga við, fyrir viðskiptum sem um getur í 1. mgr. 2. gr., eða aðstoð eða miðlunarþjónustu, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar, að því tilskildu:

- a) að vörurnar og tæknin, aðstoðin eða miðlunarþjónustan sé vegna matvæla, landbúnaðar, lækninga eða annarra mannúðarmála og
- b) í þeim tilvikum þegar viðskiptin varða vörur eða tækni á skráum kjarnbirgjahópsins (e. Nuclear Suppliers Group) eða eftirlitskerfisins með flugskeytataekni (e. Missile Technology Control Regime), að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi ákvarðað, fyrir fram og í hverju tilviki fyrir sig, að viðskiptin myndu augljóslega ekki stuðla að þróun tækni, sem myndi styðja við kjarnorkustarfsemi Írana sem gæti leitt til útbreiðslu kjarnavopna, eða að þróun burðakerfa fyrir kjarnavopn.

2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni, innan fjögurra vikna, um heimildir veittar samkvæmt þessari grein.

8. gr.

1. Lagt er bann við að selja, afhenda, flytja til eða flytja út, með beinum eða óbeinum hætti, undirstöðu-tækjabúnað eða -tækni, sem er á skrá í VI. viðauka og VI. viðauka A, til íranskra aðila, rekstrareininga eða stofnana eða til notkunar í Íran.

2. Í VI. viðauka og VI. viðauka A skal tilgreina undirstöðutækjabúnað og -tækni fyrir eftirtalin grunnsvið olíu- og gasiðnaðar í Íran:

- a) hráolíu- og jarðgasleit,
- b) hráolíu- og jarðgasframleiðslu,
- c) hreinsun,
- d) þéttingu jarðgass.

3. Í VI. viðauka og VI. viðauka A skal einnig tilgreina lykildúnað og -tækni fyrir jarðolíu- og jarðgas- iðnaðinn í Íran.

4. Ákvæði VI. viðauka og VI. viðauka A taka ekki til hluta sem er að finna á sameiginlega hergagnalistanum eða í I. eða II. viðauka eða II. viðauka A.

9. gr.

Lagt er bann við því:

- a) að veita írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun, eða til notkunar í Íran, beint eða óbeint, tæknilega aðstoð eða miðlunarþjónustu vegna undirstöðutækjabúnaðar og -tækni sem eru á skrá í VI. viðauka og VI. viðauka A eða sem tengist því að útvega, framleiða, viðhalda og nota vörur sem eru á skrá í VI. viðauka og VI. viðauka A,
- b) að útvega írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun, eða til notkunar í Íran, beint eða óbeint, fjármagn eða fjárhagsaðstoð viðvíkjandi þeim undirstöðutækjabúnaði og -tækni sem er á skrá í VI. viðauka og VI. viðauka A.

10. gr.

1. Bönnin í 8. og 9. gr. gilda ekki um:

- a) framkvæmd viðskipta, til 1. janúar 2026, samkvæmt viðskiptasamningi um undirstöðubúnað eða - tækni til hráolíu- og jarðgasleitar, framleiðslu á hráolíu og jarðgasi, hreinsun, þéttingu jarðgass, sbr. skrá í VI. viðauka, sem gerður er fyrir 30. september 2025, eða framkvæmd nauðsynlegra fylgi- samninga vegna framkvæmdar þess háttar samninga, eða samkvæmt samningi eða samkomulagi sem gert er fyrir 30. september 2025 og tengist fjárfestingu í Íran, sem stofnað er til fyrir 30. september 2025, né skulu þau koma í veg fyrir framkvæmd skuldbindingar sem leiðir þar af,
- b) framkvæmd viðskipta, til 1. janúar 2026, samkvæmt viðskiptasamningi um undirstöðubúnað eða - tækni fyrir jarðolíu- eða jarðgassiðnaðinn, sbr. skrá í VI. viðauka, sem gerður er fyrir 30. september 2025, eða framkvæmd nauðsynlegra fylgisamninga vegna framkvæmdar þess háttar samninga, eða samkvæmt samningi eða samkomulagi sem gert er fyrir 30. september 2025 og tengist fjárfestingu í Íran, sem stofnað er til fyrir 30. september 2025, né skulu þau koma í veg fyrir framkvæmd skuldbindingar sem leiðir þar af,
- c) framkvæmd viðskipta, til 1. janúar 2026, samkvæmt viðskiptasamningi um undirstöðubúnað eða - tækni til hráolíu- og jarðgasleitar, framleiðslu hráolíu og jarðgass, hreinsun, þéttingu jarðgass og fyrir jarðolíu- og jarðgassiðnaðinn, sbr. skrá í VI. viðauka A, sem gerður er fyrir 30. september 2025 og tengist fjárfestingu, sem stofnað er til í Íran fyrir 30. september 2025, viðvíkjandi hráolíu- og jarðgasleitar, framleiðslu hráolíu og jarðgass og hreinsun, þéttingu jarðgass eða sem tengist fjárfest- ingu, sem stofnað er til í Íran fyrir 30. september 2025, viðvíkjandi jarðolíu- og jarðgassiðnaðinum, né skulu þau koma í veg fyrir framkvæmd skuldbindingar sem leiðir þar af eða
- d) veitingu tæknaðstoðar sem er einungis vegna uppsetningar tækjabúnaðar eða tækni sem er afhent skv. a-, b- og c-lið,

að því tilskildu að sá einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem leitast við að taka þátt í slíkum viðskiptum eða veita aðstoð vegna slíkra viðskipta, hafi tilkynnt lögbæru stjórnvaldi þess aðildarríkis þar sem hann eða hún hefur staðfestu um viðskiptin eða aðstoðina með minnst 20 virkra daga fyrirvara.

2. Bönnin í 8. og 9. gr. hafa ekki áhrif á framkvæmd skuldbindinga, sem stofnast samkvæmt samningum sem um getur í b-lið 1. mgr. 12. gr. og b-lið 1. mgr. 14. gr., að því tilskildu að þær skuldbindingar stofnist vegna þjónustusamninga eða nauðsynlegra fylgisamninga vegna framkvæmdar fyrrnefndra samninga, og að því tilskildu að viðkomandi lögbært stjórnvald hafi heimilað framkvæmd fyrrnefndra skuldbindinga og að hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um þá fyrirætlun sína að veita heimild.

10. gr. a

1. Lagt er bann við því að selja, afhenda, flytja til eða flytja út, með beinum eða óbeinum hætti, þann undirstöðutækjabúnað eða -tækni fyrir skip, sem er á skrá í VI. viðauka B, til íranskra aðila, rekstrareininga eða stofnana eða til notkunar í Íran.
2. Í VI. viðauka B skal tilgreina undirstöðutækjabúnað eða -tækni fyrir skip vegna smíði, viðhalds eða viðgerða skipa, þ.m.t. þann tækjabúnað eða tækni sem er notuð við smíði olíuflutningaskipa.

10. gr. b

Lagt er bann við því:

- a) að veita írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun, eða til notkunar í Íran, beint eða óbeint, tæknilega aðstoð eða miðlunarþjónustu vegna undirstöðutækjabúnaðar og -tækni sem er á skrá í VI. viðauka B eða sem tengist útvegum, framleiðslu, viðhaldi og notkun vara sem eru á skrá í VI. viðauka B,
- b) að útvega írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun, eða til notkunar í Íran, beint eða óbeint, fjármagn eða fjárhagsaðstoð viðvíkjandi þeim undirstöðutækjabúnaði og -tækni sem er á skrá í VI. viðauka B.

10. gr. c

1. Bönnin í 10. gr. a og 10. gr. b hafa ekki áhrif á afhendingu undirstöðutækjabúnaðar og -tækni fyrir skip sem er ekki í eigu eða undir stjórn íransks aðila, rekstrareiningar eða stofnunar og hefur neyðst til að leita hafnar í Íran eða inn í íranska landhelgi af völdum óviðráðanlegra afla.
 2. Bönnin í 10. gr. a og 10. gr. b gilda ekki um framkvæmd samninga, til 1. janúar 2026, sem gerðir eru fyrir 30. september 2025, eða nauðsynlegra fylgisamninga vegna framkvæmdar þess háttar samninga.“
- 6) Í stað 10. gr. d kemur eftirfarandi:

„10. gr. d

1. Lagt er bann við því að selja, afhenda, flytja til eða flytja út, með beinum eða óbeinum hætti, hugbúnað sem er á skrá í VII. viðauka A, til íranskra aðila, rekstrareininga eða stofnana eða til notkunar í Íran.
 2. Í VII. viðauka A skal tilgreina hugbúnað fyrir samþættingu iðnaðarferla, sem varðar iðnað sem er undir stjórn Íslamska byltingarvarðliðsins, með beinum eða óbeinum hætti, eða kjarnorku-, hernaðar- eða skot-flaugaáætlun Írans.“
- 7) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„10. gr. e

Lagt er bann við því:

- a) að útvega írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun, eða til notkunar í Íran, beint eða óbeint, tækniaðstoð eða miðlunarþjónustu viðvíkjandi þeim hugbúnaði sem er á skrá í VII. viðauka A, eða sem tengist því að útvega, framleiða, viðhalda og nota vörur sem eru á skrá í VII. viðauka A,
- b) að útvega írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun, eða til notkunar í Íran, beint eða óbeint, fjármagn eða fjárhagsaðstoð viðvíkjandi þeim hugbúnaði sem er á skrá í VII. viðauka A.

10. gr. f

Bönnin í 10. gr. d og 10. gr. e gilda ekki, til 1. janúar 2026, um framkvæmd samninga, sem eru gerðir fyrir 30. september 2025, eða nauðsynlegra fylgisamninga vegna framkvæmdar þess háttar samninga.

11. gr.

1. Lagt er bann við því:

- a) að flytja inn til Sambandsins hráolíu eða jarðolíuafurðir ef þær:
 - i. eru upprunnar í Íran eða
 - ii. hafa verið fluttar út frá Íran,
- b) að kaupa hráolíu eða jarðolíuafurðir sem eru staðsettar eða upprunnar í Íran,
- c) að flytja hráolíu eða jarðolíuafurðir ef þær eru upprunnar í Íran eða eru fluttar út frá Íran til einhvers annars lands og

- d) að útvega, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsaðstoð, þ.m.t. fjárhagslegar afleiður og tryggingar og endurtryggingar, í tengslum við innflutning, kaup eða flutning hráolíu og jarðolíu-afurða af írönskum uppruna eða sem hafa verið innfluttar frá Íran.

2. Hráolía og jarðolíuafurðir merkir þær vörur sem eru á skrá í IV. viðauka.

12. gr.

1. Bönnin í 11. gr. gilda ekki um:

- a) framkvæmd viðskiptasamninga, fram til 1. janúar 2026, sem voru gerðir fyrir 30. september 2025, eða nauðsynlegra fylgisamninga vegna framkvæmdar þess háttar samninga,
- b) framkvæmd samninga, sem voru gerðir fyrir 30. september 2025, eða nauðsynlegra fylgisamninga vegna framkvæmdar þess konar samninga, ef í slíkum samningi er kveðið sérstaklega á um að afhending íranskrar hráolíu og jarðolíuafurða eða ágóði af afhendingu þeirra sé endurgreiðsla útistandandi fjárhæða til aðila, rekstrareininga eða stofnana sem heyra undir lögsögu aðildarríkja,
- c) hráolíu eða jarðolíuafurðir, sem höfðu verið fluttar út frá Íran fyrir 30. september 2025 eða, hafi útflutningurinn farið fram skv. a-lið hinn 30. september 2025 eða fyrir þann dag eða hafi útflutningurinn farið fram skv. b-lið,
- d) kaup á skipaolíu sem þriðja land, annað en Íran, framleiðir eða afhendir og eru ætlaðar til að knýja skipsvélar,
- e) kaup á skipaolíu ætlaðar til að knýja vélar skips sem hefur neyðst til að leita hafnar í Íran eða inn í íranska landhelgi af völdum óviðráðanlegra atvika,

að því tilskildu að sá aðili, rekstrareining eða stofnun sem leitast við að framkvæma viðkomandi samning, sem um getur í a-, b- og c-lið, hafi tilkynnt því lögbæru stjórnvaldi þess aðildarríkis þar sem hann eða hún hefur staðfestu um þá starfsemi eða þau viðskipti eigi síðar en með 20 virkra daga fyrirvara.

2. Bannið í d-lið 1. mgr. 11. gr. gildir ekki um beina eða óbeina veitingu ábyrgðartryggingar og umhverfis-ábyrgðartryggingar og endurtryggingar af hálfu þriðja aðila fram til 1. janúar 2026.

13. gr.

1. Lagt er bann við því:

- a) að flytja inn til Sambandsins efni unnin úr jarðolíu eða jarðgasi ef þau:
 - i. eru upprunnin í Íran eða
 - ii. hafa verið flutt út frá Íran,
- b) að kaupa efni unnin úr jarðolíu eða jarðgasi sem eru staðsett eða upprunnin í Íran,
- c) að flytja efni unnin úr jarðolíu eða jarðgasi ef þau eru upprunnin í Íran eða eru flutt út frá Íran til einhvers annars lands og
- d) að útvega, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsaðstoð, þ.m.t. fjárhagslegar afleiður og tryggingar og endurtryggingar, sem tengist innflutningi, kaupum eða flutningi á efnum unnum úr jarðolíu eða jarðgasi sem eru upprunnin í Íran eða hafa verið innflutt frá Íran.

2. Að því er varðar þessa grein merkir „efni, unnið úr jarðolíu eða jarðgasi“ vörurnar sem eru á skrá í V. viðauka.

14. gr.

1. Bönnin í 13. gr. gilda ekki um:

- a) framkvæmd viðskiptasamninga, fram til 1. janúar 2026, sem voru gerðir fyrir 30. september 2025, eða nauðsynlegra fylgisamninga vegna framkvæmdar þess háttar samninga,
- b) framkvæmd samninga, sem voru gerðir fyrir 30. september 2025, eða fylgisamninga, þ.m.t. flutnings- og váttryggingasamningar, sem eru nauðsynlegir vegna framkvæmdar slíkra samninga, ef í samningi er kveðið sérstaklega á um að afhending efna unninna úr jarðolíu eða jarðgasi eða ágóði af afhendingu þeirra sé endurgreiðsla útistandandi fjárhæða til aðila, rekstrareininga eða stofnana í lögsögu aðildarríkja,
- c) efni, unnum úr jarðolíu eða jarðgasi, sem höfðu verið flutt út frá Íran fyrir 30. september 2025, eða hafi útflutningurinn farið fram skv. a-lið hinn 30. september 2025 eða fyrir þann dag eða hafi útflutningurinn farið fram skv. b-lið,

að því tilskildu að aðilinn, rekstrareiningin eða stofnunin, sem leitast við að framkvæma viðkomandi samning, hafi tilkynnt lögbæru stjórnvaldi þess aðildarríkis þar sem hann eða hún hefur staðfestu um starfsemina eða viðskiptin eigi síðar en með 20 virkra daga fyrirvara.

2. Bannið í d-lið 1. mgr. 13. gr. gildir ekki um beina eða óbeina veitingu ábyrgðartryggingar og umhverfis-ábyrgðartryggingar og endurtryggingar af hálfu þriðja aðila fram til 1. janúar 2026.

14. gr. a

1. Lagt er bann við því:

- a) að kaupa, flytja eða flytja inn í Sambandið jarðgas sem er upprunnið í Íran eða hefur verið flutt út frá Íran,
- b) að eiga vöruskipti með jarðgas sem er upprunnið í Íran eða hefur verið flutt út frá Íran,
- c) að veita, með beinum eða óbeinum hætti, miðlunarþjónustu, fjármagn eða fjárhagsaðstoð, þ.m.t. fjármálaafleiður og trygginga- og endurtryggingaþjónustu, einnig miðlunarþjónustu sem tengist tryggingum og endurtryggingum, með tilliti til þeirrar starfsemi er um getur í a- eða b-lið.

2. Bönnin í 1. mgr. gilda ekki um:

- a) jarðgas sem hefur verið flutt út frá öðru ríki en Íran, þegar hið útflutta jarðgas hefur verið sameinað gasi sem er upprunnið í Íran, innan grunnvirkja annars ríkis en Írans,
- b) kaup ríkisborgara í Evrópusambandinu á jarðgasi innan Írans til borgaralegra nota, m.a. til húshitunar eða rafveitu til húsa, eða til viðhalds sendiskrifstofa eða
- c) framkvæmd samninga um afhendingu jarðgass, sem er upprunnið í öðru ríki en Íran, til Sambandsins.

3. Að því er varðar þessa grein merkir „jarðgas“ vörurnar sem eru á skrá í IV. viðauka A.

4. Að því er varðar 1. mgr. merkir „að eiga vöruskipti“ að skiptast á jarðgasstreymi af ólíkum uppruna.

15. gr.

1. Lagt er bann við því:

- a) að selja, afhenda, flytja til eða flytja út gull, eðalmálma og demanta sem eru á skrá í VII. viðauka, hvort sem það eða þeir eru upprunnir í Sambandinu eður ei, til ríkisstjórnar Írans, opinberra stofnana, fyrirtækja og umboðsskrifstofa hennar, aðila, rekstrareininga eða stofnana sem starfa á þeirra vegum eða eftir fyrirmælum þeirra, eða til rekstrareininga eða stofnana sem þau eiga eða eru undir stjórn þeirra,
- b) að kaupa, flytja inn eða flytja, með beinum eða óbeinum hætti, gull, eðalmálma og demanta sem eru á skrá í VII. viðauka, hvort sem það eða þeir eru upprunnir í Íran eður ei, frá ríkisstjórn Írans, opinberum stofnunum, fyrirtækjum og umboðsskrifstofum hennar og aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem starfa á þeirra vegum eða eftir fyrirmælum þeirra, eða frá rekstrareiningum eða stofnunum sem þau eiga eða eru undir stjórn þeirra og
- c) að láta ríkisstjórn Írans, opinberum stofnunum, fyrirtækjum og umboðsskrifstofum hennar og aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem starfa á þeirra vegum eða eftir fyrirmælum þeirra, eða rekstrareiningum eða stofnunum sem þau eiga eða eru undir stjórn þeirra, í té, með beinum eða óbeinum hætti, tæknilega aðstoð eða miðlunarþjónustu, fjármagn eða fjárhagslega aðstoð sem tengist þeim vörum sem um getur í a- og b-lið.

2. Í VII. viðauka skal tilgreina gull, eðalmálma og demanta sem þau bönn, sem um getur í 1. mgr., ná til.“

8) Í stað 15. gr. a kemur eftirfarandi:

„15. gr. a

1. Lagt er bann við því að selja, afhenda, flytja til eða flytja út, með beinum eða óbeinum hætti, grafit og hráa eða hálfunna málma sem eru á skrá í VII. viðauka B, til íranskra aðila, rekstrareininga eða stofnana eða til notkunar í Íran.

2. Í VII. viðauka A skal tilgreina grafit og hráa eða hálfunna málma, t.d. ál og stál, sem varða iðnað sem er undir stjórn Íslamska byltingarvarðliðsins, með beinum eða óbeinum hætti, eða kjarnorku-, hernaðar- eða skotflaugaáætlun Írans.

3. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um vörur sem eru á skrá í I. og II. viðauka og II. viðauka A.“

9) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„15. gr. b

1. Lagt er bann við því:

- a) að útvega írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun, eða til notkunar í Íran, beint eða óbeint, tækni-aðstoð eða miðlunarþjónustu sbr. skrá í VII. viðauka B, eða sem tengjast útvegum, framleiðslu, viðhaldi og notkun vara sem eru á skrá í VII. viðauka B,
- b) að útvega írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun, eða til notkunar í Íran, beint eða óbeint, fjármagn eða fjárhagsaðstoð viðvíkjandi þeim vörum sem eru á skrá í VII. viðauka B.

2. Bönnin í 1. mgr. gilda ekki um þær vörur sem eru á skrá í I. og II. viðauka og II. viðauka A.

15. gr. c

Bönnin í 15. gr. a gilda ekki um framkvæmd samninga, fram til 1. janúar 2026, sem gerðir eru fyrir 30. september 2025 eða nauðsynlegra fylgisamninga vegna framkvæmdar þess háttar samninga.

16. gr.

Lagt er bann við því að selja, afhenda, flytja til eða flytja út, með beinum eða óbeinum hætti, til eða til hagsbóta fyrir seðlabanka Írans, nýprentaða eða óútgefna íranska peningaseðla og slegna mynt.

III. KAFLI

TAKMARKANIR Á FJÁRMÖGNUN TILTEKINNA FYRIRTÆKJA

17. gr.

1. Lagt er bann við eftirfarandi:

- a) að veita írönskum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem um getur í 2. mgr., fjárhagsleg lán eða gjaldfrest,
- b) að eignast hlut eða auka hlut sinn í írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem um getur í 2. mgr.,
- c) að stofna til fyrirtækis um samrekstur með írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem um getur í 2. mgr.

2. Bannið í 1. mgr. tekur til sérhvers íransks aðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem fæst við:

- a) framleiðslu á vörum eða tækni sem eru á skrá í sameiginlega hergagnalistanum eða í I. eða II. viðauka,
- b) leit að eða framleiðslu á hráolíu og jarðgasi, hreinsun eldsneytis eða þéttingu jarðgass eða
- c) jarðolíu- eða jarðgassiðnaðinn.

3. Að því er varðar b- og c-lið 2. mgr. er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „hráolíu- og jarðgassleit“ tekur til leitar, könnunar á hugsanlegri vinnslu og stjórnunar jarðolíu- og jarðgassforða og til þjónustu á sviði jarðfræði í tengslum við slíkan forða,
- b) „framleiðsla jarðolíu og jarðgass“ tekur til flutningsþjónustu gass í lausu máli vegna umflutnings eða afhendingar til beint samtengdra dreifikerfa,
- c) „hreinsun“ merkir vinnslu, formeðhöndlun eða undirbúning fyrir endanlega eldsneytissölu,
- d) „jarðolíu- og jarðgassiðnaðurinn“ merkir framleiðslustöðvar fyrir framleiðslu þeirra vara er um getur í V. viðauka.

4. Lagt er bann við að efna til samstarfs við íranskan aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem stundar flutning á jarðgasi, eins og um getur í b-lið 3. mgr.

5. Að því er varðar 4. mgr. hefur „samstarf“ þá merkingu sem hér greinir:

- a) þátttaka í kostnaði vegna fjárfestingar í samtvinnuðri eða stýrðri birgðakeðju vegna viðtöku eða afhendingar jarðgass beint frá eða til íransks yfirráðasvæðis og
- b) beint samstarf vegna fjárfestingar í starfsstöð fyrir fljótandi jarðgas á írönsku yfirráðasvæði eða starfsstöð fyrir fljótandi jarðgas sem er beintengd þeirri fyrrnefndu.

18. gr.

1. Að stofna til fjárfestingar, með viðskiptum er um getur í 1. mgr. 17. gr., í írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem framleiðir vörur eða tækni, sem er á skrá í II. viðauka A, skal háð heimild hlutaðeigandi lögbærs stjórnvalds.

2. Lögbær stjórnvöld skulu ekki heimila þau viðskipti sem um getur í 1. mgr., hafi þau gilda ástæðu til að ákvarða að gjörningurinn stuðli að, eða kunni að vera til þess að stuðla að, einhverri þeirri starfsemi sem hér greinir:

- a) starfsemi Írans sem tengist auðgun, endurvinnslu eða þungu vatni,
- b) þróun Írans á burðarkerfi fyrir kjarnavopn eða
- c) rekstur Írans á starfsemi í tengslum við önnur málefni sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin hefur látið í ljós að séu áhyggjuefni eða telur vera óafgreidd mál.

19. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr. 17. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, eftir þeim skilmálum og skilyrðum sem þau telja við hæfi, að stofnað verði til fjárfestingar með viðskiptum sem um getur í 1. mgr. 17. gr., að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) fjárfestingin sé vegna matvæla, landbúnaðar, lækninga eða annarra mannúðarmála og
- b) í þeim tilvikum þar sem stofnað er til fjárfestingar í írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem framleiðir vörur eða tækni sem er að finna á skráum kjarnbirgjahópsins og eftirlitskerfisins með flugskeytatækni, framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi ákvarðað, fyrir fram og í hverju tilviki fyrir sig, að viðskiptin myndu augljóslega ekki stuðla að þróun tækni, sem myndi styðja við kjarnorkustarfsemi Írana sem gæti leitt til útbreiðslu kjarnavopna, eða að þróun burðakerfa fyrir kjarnavopn.

2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni, innan fjögurra vikna, um heimildir veittar samkvæmt þessari grein.

20. gr.

Ákvæði b-liðar 2. mgr. 17. gr. gilda ekki í þeim tilvikum þegar fjárhagslegt lán er veitt eða gjaldfrestur, eða þegar hlutar er aflað eða hann aukinn, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) viðskiptin séu nauðsynleg vegna samkomulags eða samnings sem er gerður fyrir 30. september 2025 og
- b) viðkomandi lögbær stjórnvöld hafi verið upplýst um málið minnst 20 virkum dögum áður en fyrrnefnt samkomulag eða samningur er gerður.

21. gr.

Ákvæði c-liðar 2. mgr. 17. gr. gilda ekki í þeim tilvikum þegar fjárhagslegt lán er veitt eða gjaldfrestur, eða þegar hlutar er aflað eða hann aukinn, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) viðskiptin séu nauðsynleg vegna samkomulags eða samnings sem er gerður fyrir 30. september 2025 og
- b) viðkomandi lögbær stjórnvöld hafi verið upplýst um málið minnst 20 virkum dögum áður en fyrrnefnt samkomulag eða samningur er gerður.

22. gr.

Lagt er bann við því að fallast á eða samþykkja, með samningsgerð eða öðrum hætti, að einn eða fleiri íranskir aðilar, rekstrareiningar eða stofnanir veiti fjárhagslegt lán eða gjaldfrest eða eignist hlut eða auki hlut sinn í, eða stofni til fyrirtækis um samreksturs í tengslum við, fyrirtæki sem stundar einhverja þá starfsemi sem hér um getur:

- a) úrannám,
- b) auðgun úrans og endurvinnslu úrans,
- c) framleiðslu vara eða tækni sem er að finna á skráum kjarnbirgjahópsins eða eftirlitskerfisins með flugskeytatækni.“

10) Í stað 4. mgr. 23. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Með fyrirvara um þær undanþágur sem kveðið er á um í 24., 25., 26., 27. og 28. gr., 28. gr. a eða 29. gr., er lagt bann við að veita sérhæfða sendingarþjónustu á sviði fjármála, sem er notuð til þess að skiptast á fjármálagögnum við þá einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem eru á skrá í VIII. og IX. viðauka.“

11) Ákvæði 23. gr. a falla brott.

12) Í stað 24. gr.–28. gr. a kemur eftirfarandi:

„24. gr.

Þrátt fyrir 23. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé andlag veðs af hálfu dómstóls, stjórnarsýslustofnunar eða gerðardóms, þ.e. veðs sem var staðfest fyrir þann dag er sá aðili, rekstrareining eða stofnun er um getur í 23. gr. var tilgreind af hálfu framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir, öryggisráðsins eða ráðsins eða þeir eða hann sé andlag dómsuppkvaðningar eða úrskurðar stjórnarsýslustofnunar eða gerðardóms fyrir þann dag,
- b) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði einungis notaður til að uppfylla kröfur, sem fyrrnefnt veð tryggir eða sem viðurkennt er að séu gildar samkvæmt fyrrnefndri niðurstöðu, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra aðila, sem eiga slíkar kröfur, kveða á um,
- c) að veðið, dómsuppkvaðningin eða úrskurðurinn sé ekki í þágu aðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í VIII. eða IX. viðauka,
- d) að viðurkenning veðsins, dómsuppkvaðningarinnar eða úrskurðarins stríði ekki gegn allsherjarreglu í hlutaðeigandi aðildarríki og
- e) að í þeim tilvikum þegar ákvæði 1. mgr. 23. gr. gilda hafi viðkomandi aðildarríki tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um veðið eða dómsuppkvaðninguna eða úrskurðinn.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. og að því tilskildu að greiðsla aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem eru á skrá í VIII eða IX. viðauka, eigi að fara fram samkvæmt samningi eða samkomulagi, sem viðkomandi aðili, rekstrareining eða stofnun gerði, eða samkvæmt skyldu sem honum eða henni bar að sinna, fyrir þann dag þegar aðilinn, rekstrareiningin eða stofnunin var tilgreind af hálfu framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir, öryggisráðsins eða af hálfu ráðsins, geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja við hæfi, að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) viðkomandi lögbært stjórnvald hafi komist að þeirri niðurstöðu:
 - i. að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði notaður sem greiðsla af hálfu aðila, rekstrareiningar eða stofnunar á skrá í VIII. eða IX. viðauka,
 - ii. að greiðslan muni ekki stuðla að starfsemi sem er bönnuð samkvæmt þessari reglugerð; sé greiðslan endurgjald fyrir viðskiptastarfsemi, sem hefur þegar farið fram og hafi viðkomandi lögbært stjórnvald í öðru aðildarríki staðfest áður að sú starfsemi hafi ekki verið bönnuð þegar hún fór fram, skal að órannsökuðu máli litið svo á að greiðslan muni ekki stuðla að starfsemi sem er bönnuð,
 - iii. að greiðslan sé ekki brot á ákvæði 3. mgr. 23. gr. og
- b) hlutaðeigandi aðildarríki hafi, eigi ákvæði 1. mgr. 23. gr. við, tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um fyrrnefnda niðurstöðu og þá fyrirætlun sína að veita heimild og að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi ekki andmælt þeirri tilhögun innan tíu virkra daga frá tilkynningu þar um.

26. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, eftir þeim skilyrðum sem þau telja við hæfi, að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

- a) viðkomandi lögbært stjórnvald hafi komist að því að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé:
 - i. nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir aðila, sem eru á skrá í VIII. eða IX. viðauka, og aðstandenda á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur fyrir matvæli, húsaleigu eða vegna veðlana, greiðslur fyrir lyf og lækni meðferð, greiðslur vegna skattheimtu, iðgjalda og fyrir opinbera þjónustu,
 - ii. einungis ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun og til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræðiþjónustu,
 - iii. einungis ætlaður til að greiða þóknanir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs eða
 - iv. eingöngu ætlaður til að greiða gjöld sem eru á gjalddaga og tengjast afflöggun skipa og

- b) hlutaðeigandi aðildarríki hafi, varði heimildin aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í VIII. viðauka, tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um þá niðurstöðu er um getur í a-lið og þá fyrirætlun sína að veita heimild og að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi ekki andmælt þeirri tilhögun innan fimm virkra daga frá tilkynningu þar um.

2. Lögbær stjórnvöld geta heimilað, þrátt fyrir ákvæði 23. gr., að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda eða greiðslu fyrir vörur eða tilflutning á vörum, þegar þær eru keyptar vegna léttvatnaskljúfs í Íran og smíði hans hefur hafist fyrir 30. september 2025, eða nauðsynlegur vegna vara í þeim tilgangi er um getur í b- og c-lið 6. gr., að því tilskildu, varði heimildin aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í VIII. viðauka, að hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um niðurstöðuna og að framkvæmdanefndin hafi samþykkt hana.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. 23. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, eftir þeim skilyrðum sem þau telja við hæfi, að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé nauðsynlegur í opinberum tilgangi af hálfu sendi- eða ræðisskrifstofa eða alþjóðastofnana sem njóta friðhelgi að þjóðarétti.

28. gr.

Þrátt fyrir 2. mgr. 23. gr. geta lögbær stjórnvöld einnig heimilað, eftir þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi:

- a) að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður Seðlabanka Írans verði affrystur eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé nauðsynlegur til þess að útvega lána- eða fjármálastofnunum lausafé til þess að fjármagna viðskipti eða veita þjónustu vegna viðskiptalána eða
- b) að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður í vörslu Seðlabanka Írans verði affrystur eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé nauðsynlegur til þess að endurgreiða kröfu sem er gjaldfallin samkvæmt samningi eða samkomulagi sem íranskur aðili, rekstrareining eða stofnun hefur gengið frá fyrir 30. september 2025, þegar í fyrrnefndum samningi eða samkomulagi er kveðið á um að endurgreiða beri útistandandi fjárhæðir aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem heyra undir lögsögu aðildarríkja,

að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um þá fyrirætlun sína að veita heimild, eigi síðar en tíu virkum dögum áður en hún er veitt.

28. gr. a

Bönnin í 2. og 3. mgr. 23. gr. gilda ekki um aðgerðir og viðskipti sem fara fram með tilliti til rekstrareininga á skrá í IX. viðauka:

- a) sem hafa réttindi sem leiðir af upprunalegri gerð samnings um framleiðslusamvinnu, sbr. 39. gr., fyrir 30. september 2025 af hálfu annarra stjórnvalda fullvalda ríkis en íranskra stjórnvalda, að því leyti sem fyrrnefndar aðgerðir og viðskipti varða þátttöku þessara rekstrareininga í þeim samningi sem áður er getið,
- b) að því leyti sem nauðsynlegt er til þess að efna, fram til 1. janúar 2026, þær skuldbindingar sem leiðir af samningum er um getur í b-lið 1. mgr. 12. gr., að því tilskildu að viðkomandi lögbært stjórnvald hafi heimilað fyrrnefndar aðgerðir og viðskipti fyrir fram, í hverju tilviki fyrir sig, og að viðkomandi aðildarríki hafi tilkynnt hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um þá fyrirætlun sína að veita heimild.“

13) Ákvæði 28. gr. b falla brott.

14) Í stað 29. gr. kemur eftirfarandi:

„29. gr.

1. Ákvæði 3. mgr. 23. gr. koma ekki í veg fyrir að fjármála- eða lánastofnanir færi fé til tekna á frystum reikningum, veiti þær viðtöku fjármunum sem eru yfirfærðir á reikning einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá, að því tilskildu að viðbótarinnlagnir á slíka reikninga verði einnig frystar. Hlutaðeigandi fjármála- eða lánastofnun skal tilkynna viðkomandi lögbærum stjórnvöldum um þess háttar viðskipti án tafar.

2. Ákvæði 3. mgr. 23. gr. gildir ekki um eftirtaldar viðbætur við frysta reikninga:

- a) vexti eða aðrar tekjur af fyrrnefndum reikningum eða
- b) greiðslur, sem inna ber af hendi samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem gengið var frá eða urðu til fyrir þann dag þegar framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir, öryggisráðið eða ráðið tilgreindi viðkomandi aðila, rekstrareiningu eða stofnun er um getur í 23. gr.,

að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur séu fryst skv. 1. eða 2. mgr. 23. gr.

3. Eigi ber að túlka ákvæði þessarar greinar þannig að millifærslur fjármuna, sem um getur í 30. gr., séu heimilar.“

15) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„30. gr.

1. Lagt er bann við því að færa fjármuni milli, annars vegar fjármála- og lánastofnana, sem falla undir gildissvið reglugerðar þessarar, sbr. skilgreiningu í 49. gr., og hins vegar:

- a) lána- og fjármálastofnana og gjaldeyrismiðlana með heimilisfesti í Íran,
- b) útibúa og dótturfélaga lána- og fjármálastofnana og gjaldeyrismiðlana með heimilisfesti í Íran, falli þau undir gildissvið þessarar reglugerðar,
- c) útibúa og dótturfélaga, sem falla ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar, lána- og fjármálastofnana og gjaldeyrismiðlana með heimilisfesti í Íran og
- d) lána- og fjármálastofnana og gjaldeyrismiðlana sem hafa ekki heimilisfesti í Íran, en eru undir stjórn aðila, rekstrareininga eða stofnana með heimilisfesti í Íran,

nema fyrrnefndar millifærslur falli undir gildissvið 2. mgr. og hafi verið framkvæmdar í samræmi við ákvæði 3. mgr.

2. Heimilt er að leyfa eftirfarandi millifærslur í samræmi við 3. mgr.:

- a) millifærslur viðvirkjandi matvælum, heilbrigðisþjónustu, lækningatækjum eða vegna landbúnaðarnota eða í mannúðarskyni,
- b) millifærslur viðvirkjandi peningasendingum til einstaklinga,
- c) millifærslur í tengslum við sérstakan viðskiptasamning, að því tilskildu að slík millifærsla sé ekki bönnuð samkvæmt þessari reglugerð,
- d) millifærslur viðvirkjandi sendiskrifstofum eða ræðisstofnunum eða alþjóðastofnunum, sem njóta friðhelgi að þjóðarétti, að því leyti sem þess konar millifærslur eru ætlaðar til nota í opinberum tilgangi af hálfu viðkomandi sendiskrifstofa eða ræðisstofnana eða alþjóðastofnana sem njóta friðhelgi að þjóðarétti,
- e) millifærslur viðvirkjandi greiðslum til að fullnægja kröfum af hálfu eða gegn írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun eða millifærslur svipaðs eðlis, að því tilskildu að þær séu ekki framlag til starfsemi sem er bönnuð samkvæmt þessari reglugerð, metið í hverju tilviki fyrir sig og að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni, með a.m.k. tíu daga fyrirvara, um þá fyrirætlun sína að veita heimild,
- f) millifærslur sem eru nauðsynlegar til þess að unnt sé að uppfylla skuldbindingar sem leiðir af samningum sem um getur í b-lið 1. mgr. 12. gr.

3. Millifærslu fjármuna, sem heimila má skv. 2. mgr., skal framkvæma sem hér segir:

- a) framkvæma skal, án fyrirframheimildar, millifærslur vegna kaupa viðvirkjandi matvælum, heilsugæslu, lækningatækjum eða vegna landbúnaðarnota eða í mannúðarskyni, sem eru undir 100 000 evrum eða samsvarandi fjárhæð, og millifærslur vegna viðskipta viðvirkjandi peningasendingum til einstaklinga, sem eru undir 40 000 evrum eða samsvarandi fjárhæð.

Tilkynna skal lögbæru stjórnvaldi í hlutaðeigandi aðildarríki fyrir fram og skriflega um millifærsluna, ef hún er yfir 10 000 evrum eða samsvarandi fjárhæð,

- b) millifærslur vegna kaupa viðvirkjandi matvælum, heilsugæslu, lækningatækjum eða vegna landbúnaðarnota eða í mannúðarskyni, sem jafngilda eða eru yfir 100 000 evrum eða samsvarandi fjárhæð, og millifærslur vegna viðskipta viðvirkjandi peningasendingum til einstaklinga, sem jafngilda eða eru yfir 40 000 evrum eða samsvarandi fjárhæð, eru háðar fyrirframheimild viðkomandi lögbærs stjórnvalds í hlutaðeigandi aðildarríki skv. 2. mgr.

Aðildarríkin skulu tilkynna hvert öðru um allar veittar heimildir á þriggja mánaða fresti,

- c) allar aðrar millifærslur, sem jafngilda eða eru yfir 10 000 evrum eða samsvarandi fjárhæð, eru háðar fyrirframheimild viðkomandi lögbærs stjórnvalds í hlutaðeigandi aðildarríki skv. 2. mgr.

Aðildarríkin skulu tilkynna hvert öðru um allar veittar heimildir á þriggja mánaða fresti.

4. Millifærslur fjármuna undir 10 000 evrum eða samsvarandi fjárhæð eru óháðar fyrirframheimild eða tilkynningu.

5. Greiðsluþjónustuveitandi greiðanda skal senda lögbærum stjórnvöldum þeirra aðildarríkja þar sem viðkomandi greiðsluþjónustuveitandi hefur staðfestu tilkynningar og beiðnir um heimildir, sem tengjast millifærslu fjármuna til rekstrareiningar sem fellur undir gildissvið a- til d-liðar 1. mgr., eða það skal gert fyrir hans hönd.

Greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslunnar skal senda lögbærum stjórnvöldum þeirra aðildarríkja þar sem viðkomandi greiðsluþjónustuveitandi hefur staðfestu tilkynningar og beiðnir um heimildir, sem tengjast millifærslu fjármuna frá rekstrareiningu sem fellur undir gildissvið a- til d-liðar 1. mgr., eða það skal gert fyrir hans hönd.

Ef greiðsluþjónustuveitandi greiðanda eða viðtakanda greiðslu fellur ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar skal greiðandinn, ef um ræðir millifærslu til rekstrareiningar sem fellur undir gildissvið a- til d-liðar 1. mgr., og viðtakandi greiðslu, ef um ræðir millifærslu frá rekstrareiningu sem fellur undir gildissvið a- til d-liðar 1. mgr., senda tilkynningar og beiðnir um heimild til lögbærra stjórnvalda í því aðildarríki þar sem greiðandi eða viðtakandi greiðslu hefur staðfestu, eftir því sem við á.

6. Lána- og fjármálastofnanir, sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, skulu, þegar þær framkvæma aðgerðir sínar í samvinnu við rekstrareiningar er um getur í a- til d-lið 1. mgr. og í því skyni að koma í veg fyrir brot á ákvæðum þessarar reglugerðar, viðhafa aukna árvekni eins og hér greinir:

- a) sýna stöðugt árvekni vegna hreyfinga á reikningum, einkum fyrir tilverknað áætlana sinna um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna,
- b) gera kröfu um að allir upplýsingareitir í greiðslufyrirmælum, sem varða sendanda og viðtakanda í þeim viðskiptum sem um ræðir, séu fylltir út og hafna viðskiptunum séu upplýsingarnar ekki veittar,
- c) varðveita öll skráð gögn um viðskipti í fimm ár og veita landsyfirvöldum aðgang að þeim sé þess óskað,
- d) hafi þær gilda ástæðu til að ætla að starfsemi við lána- og fjármálastofnanir kunni að brjóta gegn ákvæðum þessarar reglugerðar, tilkynna skrifstofu fjármálagreininga lögreglu (FIU) eða öðru lögbæru stjórnvaldi, sem hlutaðeigandi aðildarríki hefur tilgreint, án tafar um grun sinn, samanber þó ákvæði 5. og 23. gr. Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu eða annað sambærilegt lögbært stjórnvald skal gegna hlutverki innlendrar miðstöðvar sem tekur við og kannar tilkynningar um grunsamleg viðskipti sem varða hugsanleg brot á ákvæðum þessarar reglugerðar. Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu eða annað sambærilegt lögbært stjórnvald skal hafa tímanlega aðgang, með beinum eða óbeinum hætti, að fjármálaupplýsingum og stjórnsýslu- og löggæsluupplýsingum, sem henni eða því eru nauðsynlegar til þess að geta sinnt þessu verkefni á réttan hátt, þ.m.t. greining á skýrslum um grunsamleg viðskipti.

30. gr. a

1. Millifærslur fjármuna til og frá írönskum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem falla ekki undir gildissvið 1. mgr. 30. gr., skal framkvæma sem hér segir:

- a) framkvæma skal, án fyrirframheimildar, millifærslur vegna viðskipta viðvíkjandi matvælum, heilsugæslu, lækningatækjum eða vegna landbúnaðarnota eða í mannúðarskyni.

Tilkynna skal lögbæru stjórnvaldi í hlutaðeigandi aðildarríki fyrir fram og skriflega um millifærsluna, ef hún er yfir 10 000 evrum eða samsvarandi fjárhæð,

- b) framkvæma skal allar aðrar millifærslur undir 40 000 evrum án fyrirframheimildar.

Tilkynna skal lögbæru stjórnvaldi í hlutaðeigandi aðildarríki fyrir fram og skriflega um millifærsluna, ef hún er yfir 10 000 evrum eða samsvarandi fjárhæð,

- c) krafist er fyrirframheimildar lögbærs stjórnvalds í viðkomandi aðildarríki fyrir allar aðrar millifærslur yfir 40 000 evrum eða samsvarandi fjárhæð.

Aðildarríkin skulu tilkynna hvert öðru um allar heimildir, sem synjað er um, á þriggja mánaða fresti.

2. Millifærslur fjármuna undir 10 000 evrum eða samsvarandi fjárhæð eru óháðar fyrirframheimild eða tilkynningu.

3. Tilkynningar og beiðnir um heimild í tengslum við millifærslu fjármuna skal framkvæma sem hér segir:

a) ef um ræðir rafrænar millifærslur fjármuna sem lána- eða fjármálastofnanir framkvæma:

- i. skal greiðsluþjónustuveitandi greiðanda senda lögbærum stjórnvöldum aðildarríkisins, þar sem greiðsluþjónustuveitandinn hefur staðfestu, tilkynningar og beiðnir um heimild, sem tengjast millifærslu fjármuna til írandsk aðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er staðsett utan Sambandsins, eða það skal gert fyrir hans hönd,
- ii. skal greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu senda lögbærum stjórnvöldum aðildarríkisins, þar sem greiðsluþjónustuveitandinn hefur staðfestu, tilkynningar og beiðnir um heimild, sem tengjast millifærslu fjármuna frá írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er staðsett utan Sambandsins, eða það skal gert fyrir hans hönd,
- iii. ef, í tilvikum sem um getur í i- og ii-lið, greiðsluþjónustuveitandi greiðanda eða viðtakanda greiðslu fellur ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar skal greiðandinn, ef um ræðir millifærslu til írandsk aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, eða viðtakandi greiðslu, ef um ræðir millifærslu frá írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun, senda tilkynningar og beiðnir um heimild til lögbærra stjórnvalda í því aðildarríki þar sem greiðandinn eða viðtakandi greiðslunnar er heimilisfastur, eftir því sem við á,
- iv. skal greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu senda lögbærum stjórnvöldum aðildarríkisins, þar sem greiðsluþjónustuveitandinn hefur staðfestu, tilkynningar og beiðnir um heimild, sem tengjast millifærslu fjármuna til írandsk aðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er staðsett innan Sambandsins, eða það skal gert fyrir hans hönd,
- v. skal greiðsluþjónustuveitandi greiðanda senda lögbærum stjórnvöldum aðildarríkisins, þar sem greiðsluþjónustuveitandinn hefur staðfestu, tilkynningar og beiðnir um heimild, sem tengjast millifærslu fjármuna frá írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er staðsett innan Sambandsins, eða það skal gert fyrir hans hönd,
- vi. ef, í tilvikum sem um getur í iv- og v-lið, greiðsluþjónustuveitandi greiðanda eða viðtakanda greiðslu fellur ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar skal greiðandinn, ef um ræðir millifærslu til írandsk aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, eða viðtakandi greiðslu, ef um ræðir millifærslu frá írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun, senda tilkynningar og beiðnir um heimild til lögbærra stjórnvalda í því aðildarríki þar sem viðtakandi greiðslunnar eða greiðandinn er heimilisfastur, eftir því sem við á,
- vii. skal greiðsluþjónustuveitandi, sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar og kemur fram sem milliliður, uppfylla skylduna um að tilkynna eða biðja um heimild, eftir því sem við á, í tengslum við millifærslu fjármuna til eða frá írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun, þar sem hvorki greiðandinn, viðtakandi greiðslunnar né viðkomandi greiðsluþjónustuveitendur hvors þeirra um sig falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, ef fyrrnefndur greiðsluþjónustuveitandi hefur vitneskju um, eða hefur gilda ástæðu til að halda, að millifærslan sé til eða frá írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun. Ef fleiri en einn greiðsluþjónustuveitandi hefur milligöngu um millifærsluna, er þess eingöngu krafist að fyrsti greiðsluþjónustuveitandinn, sem framkvæmir millifærsluna, uppfylli skylduna um að tilkynna eða biðja um heimild, eftir því sem við á. Tilkynning eða beiðni um heimild skal send lögbærum stjórnvöldum þess aðildarríkis þar sem viðkomandi greiðsluþjónustuveitandi hefur staðfestu,
- viii. ef um ræðir fleiri en einn greiðsluþjónustuveitanda í röð tengdra millifærslna fjármuna skal millifærslum innan Sambandsins fylgja tilvísun í þá heimild sem veitt er samkvæmt þessari grein,

b) ef um ræðir millifærslur fjármuna, sem framkvæmdar eru með órafrænum hætti, skal tilkynna eða biðja um heimild til að millifæra fjármuni með þeim hætti sem hér greinir:

- i. greiðandi skal senda tilkynningar og beiðnir um heimild í tengslum við millifærslur til írandsk aðila, rekstrareiningar eða stofnunar til viðkomandi lögbærra stjórnvalda í því aðildarríki þar sem greiðandinn er heimilisfastur,
- ii. viðtakandi greiðslu skal senda tilkynningar og beiðnir um heimild í tengslum við millifærslur frá írönskum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum til viðkomandi lögbærra stjórnvalda í því aðildarríki þar sem viðtakandi greiðslunnar er heimilisfastur.

30. gr. b

1. Ákvæði 30. gr. og 30. gr. a gilda ekki hafi heimild verið veitt skv. 24., 25., 26., 27. eða 28. gr., eða 28 gr. a.

Krafan um fyrirframheimild fyrir millifærslum fjármuna, eins og kveðið er á um í b- og c-lið 3. mgr. 30. gr., hefur ekki áhrif á framkvæmd millifærslna fjármuna sem eru tilkynntar viðkomandi lögbæru stjórnvaldi eða sem það heimilar fyrir fram fyrir 30. september 2025. Framkvæma ber slíkar millifærslur fjármuna fyrir 1. janúar 2026.

Ákvæði 30. gr. og 30. gr. a gilda ekki um millifærslur fjármuna sem kveðið er á um í 29. gr.

2. Ákvæði 3. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 30. gr. a gilda án tillits til þess hvort viðkomandi millifærsla fjármuna fer fram í einu lagi eða með nokkrum aðgerðum sem virðast tengdar.

Að því er þessa reglugerð varðar fela „aðgerðir sem virðast tengdar“ í sér eftirfarandi:

- a) röð millifærslna, sem eru framkvæmdar hver á eftir annarri, frá eða til sömu fjármála- eða lána-stofnana undir gildissviði a- til d-liðar 1. mgr. 30. gr. eða frá eða til sama íranska aðila, rekstrareiningar eða stofnunar og eru framkvæmdar í tengslum við staka skuldbindingu um að millifæra fjármuni, þegar allar stakar millifærslur eru undir því marki sem sett er fram í 30. gr. og 30. gr. a, en sem samanlagt samræmast þeim viðmiðunum sem gilda um tilkynningu eða heimild eða
- b) röð millifærslna, þar sem ýmsar greiðslumiðlanir eða ýmsir einstaklingar eða lögaðilar koma við sögu, sem tengjast einni skuldbindingu um að millifæra fjármuni.

3. Að því er varðar b- og c-lið 3. mgr. 30. gr. og c-lið 1. mgr. 30. gr. a skulu viðkomandi lögbær stjórnvöld veita heimildir samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem þau telja við eiga, nema þau hafi réttmætar ástæður til að ákveða að sú millifærsla sem heimildarbeiðnin varðar gæti verið brot á einhverju því banni eða vanefnd einhverra þeirra skuldbindinga sem þessi reglugerð tekur til.

Lögbæru stjórnvaldi er heimilt að leggja á gjald fyrir að meta beiðni um heimild.

4. Að því er varðar c-lið 1. mgr. 30. gr. a skal heimild talin hafa verið veitt hafi lögbært stjórnvald veitt skriflegri beiðni um heimild viðtöku og ekki andmælt umbeðinni millifærslu fjármuna skriflega innan fjögurra vikna. Sé andmælum hreyft vegna yfirstandandi athugunar skal viðkomandi lögbært stjórnvald skýra frá því og tilkynna ákvörðun sína án tafar. Lögbær stjórnvöld skulu fá aðgang tímanlega, með beinum eða óbeinum hætti, að upplýsingum sem varða fjármál, stjórnsýslu og framfylgd laga og eru nauðsynlegar vegna rannsóknarinnar.

5. Eftirtaldir aðilar, rekstrareiningar eða stofnanir falla ekki undir gildissvið 30. gr. og 30. gr. a:

- a) aðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem einungis breyta pappírsskjölum í rafræn skjöl og aðhafast samkvæmt samningi við lána- eða fjármálastofnun,
- b) aðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem einungis útvega lána- eða fjármálastofnunum skilaboðakerfi eða önnur stoðkerfi til millifærslu fjármuna eða
- c) aðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem einungis útvega lána- eða fjármálastofnunum jöfnunar- og uppgjörskerfi.

31. gr.

1. Útibú og dótturfélög lána- og fjármálastofnana, sem hafa heimilisfesti í Íran og falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, sbr. skilgreiningu í 49. gr., skulu tilkynna lögbæru stjórnvaldi þess aðildarríkis þar sem þau hafa staðfestu um allar millifærslur fjármuna, sem þau framkvæma eða veita viðtöku, um heiti viðkomandi aðila og fjárhæð og dagsetningu viðskiptanna, innan fimm virkra daga eftir að sú millifærsla fjármuna er um ræðir er framkvæmd eða eftir að henni er veitt viðtaka. Séu upplýsingar tiltækar skal tilgreina í tilkynningunni um hvers kyns viðskipti er að ræða og, eftir því sem við á, hvers kyns vörur viðskiptin varða og tilgreina sérstaklega hvort vörurnar falli undir gildissvið I. eða II. viðauka, II. viðauka A., III. eða IV. viðauka, IV. viðauka A., V. eða VI. viðauka, VI. viðauka A., VI. viðauka B, VII. viðauka, VII. viðauka A eða VII. viðauka B við þessa reglugerð og, ef útflutningur þeirra er háður heimild, gefa upp númer þess leyfis sem var veitt.

2. Lögbær stjórnvöld sem fá tilkynningu skulu, með fyrirvara um og í samræmi við gildandi fyrirkomulag upplýsingaskipta, senda upplýsingar um tilkynningar, sem um getur í 1. mgr., án tafar og eftir því sem nauðsyn krefur, lögbærum stjórnvöldum annarra aðildarríkja, þar sem gagnaðilarnir í fyrrnefndum viðskiptum hafa staðfestu, í því skyni að koma í veg fyrir kjarnorkustarfsemi sem gæti leitt til útbreiðslu kjarnavopna eða að þróun burðarkerfa fyrir kjarnavopn.

33. gr.

1. Lána- og fjármálastofnunum, sem falla undir gildissvið 49. gr., er óheimilt að aðhafast eftirfarandi:
 - a) að opna nýjan bankareikning hjá lána- eða fjármálastofnun með heimilisfesti í Íran eða hjá lána- eða fjármálastofnun sem um getur í 1. mgr. 30. gr.,
 - b) að koma á nýjum samsvarandi millibankatengslum hjá lána- eða fjármálastofnun með heimilisfesti í Íran eða hjá lána- eða fjármálastofnun sem um getur í 1. mgr. 30. gr.,
 - c) að opna nýja umboðsskrifstofu í Íran eða koma á fót nýju útibúi eða dótturfélagi í Íran,
 - d) að stofna nýtt fyrirtæki um samrekstur með lána- eða fjármálastofnun með heimilisfesti í Íran eða með lána- eða fjármálastofnun sem um getur í 1. mgr. 30. gr.
2. Lagt er bann við því:
 - a) að heimila að opnuð sé umboðsskrifstofa eða að stofnað verði í Sambandinu útibú eða dótturfélag lána- eða fjármálastofnunar með heimilisfesti í Íran eða lána- eða fjármálastofnunar er um getur í 1. mgr. 30. gr.,
 - b) að gera samninga fyrir eða fyrir hönd lána- eða fjármálastofnunar með heimilisfesti í Íran eða fyrir eða fyrir hönd lána- eða fjármálastofnunar, er um getur í 1. mgr. 30. gr., um opnun umboðsskrifstofu eða stofnun útibús eða dótturfélags í Sambandinu,
 - c) að veita umboðsskrifstofu, útibúi eða dótturfélagi lána- eða fjármálastofnunar með heimilisfesti í Íran eða lána- eða fjármálastofnun, er um getur í 1. mgr. 30. gr., heimild til að hefja og stunda starfsemi sem lánastofnun eða aðra starfsemi, þar sem krafist er fyrirframheimildar, hafi umboðsskrifstofan, útibúið eða dótturfélagið ekki verið starfrækt fyrir 30. september 2025,
 - d) að lána- eða fjármálastofnun, sem um getur í 1. mgr. 30. gr., eignist hlut eða auki hlutdeild sína, eða öðlist eignarhlut af öðru tagi, í lána- eða fjármálastofnun sem fellur undir gildissvið 49. gr.

34. gr.

Lagt er bann við því:

- a) að selja eftirtöldum aðilum eða kaupa af þeim, með beinum eða óbeinum hætti, skuldabréf hins opinbera, eða skuldabréf sem hið opinbera tryggir, sem eru gefin út eftir 30. september 2025:
 - i. Íran eða ríkisstjórn Írans og opinberum stofnunum, fyrirtækjum og umboðsskrifstofum Írans,
 - ii. lána- eða fjármálastofnun með heimilisfesti í Íran eða lána- eða fjármálastofnun sem um getur í 1. mgr. 30. gr.,
 - iii. einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir förmælum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem um getur í i. eða ii. lið,
 - iv. lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er í eigu eða undir stjórn aðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem um getur í i., ii. eða iii. lið,
- b) að veita aðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem um getur í a-lið, miðlunarþjónustu viðvíkjandi skuldabréfum hins opinbera, eða skuldabréfum sem hið opinbera tryggir, sem eru gefin út eftir 30. september 2025,
- c) að aðstoða aðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem um getur í a-lið, í því skyni að gefa út skuldabréf hins opinbera, eða skuldabréf sem hið opinbera tryggir, með því að veita miðlunarþjónustu, auglýsa eða veita aðra þjónustu viðvíkjandi slíkum skuldabréfum.

35. gr.

1. Lagt er bann við því að láta eftirtöldum aðilum í té váttryggingu eða endurtryggingu eða að hafa milligöngu um að þeim sé lánin í té trygging eða endurtrygging:
 - a) Íran eða ríkisstjórn Írans og opinberum stofnunum, fyrirtækjum og umboðsskrifstofum Írans,
 - b) írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem ekki er einstaklingur eða
 - c) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun þegar hann eða hún kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir förmælum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar er um getur í a- eða b-lið.
2. Ákvæði a- og b-liðar 1. mgr. gilda ekki um að láta írönskum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með heimilisfesti í Sambandinu í té lögboðna ábyrgðartryggingu eða ábyrgðartryggingu þriðja aðila eða endurtryggingar, eða að hafa milligöngu um slíkar tryggingar þeim til handa, eða um að láta írönskum sendi- eða ræðisskrifstofum í Sambandinu í té tryggingar.

3. Ákvæði c-liðar 1. mgr. gilda ekki um að láta einstaklingum sem einkaaðilum, að undanskildum aðilum sem eru á skrá í VIII. og IX. viðauka, í té tryggingar, þ.m.t. sjúkra- og ferðatryggingar eða endurtryggingar, eða að hafa milligöngu um slíkar tryggingar þeim til handa.

Ákvæði c-liðar 1. mgr. koma ekki í veg fyrir að eiganda skips, loftfars eða ökutækis, sem aðili, rekstrareining eða stofnun, er um getur í a- eða b-lið 1. mgr., hefur á leigu, sé séð fyrir tryggingum eða endurtryggingum eða að höfð sé milliganga um slíkar tryggingar honum til handa.

Að því er varðar c-lið 1. mgr. skal eigi litið svo á að aðili, rekstrareining eða stofnun starfi eftir fyrirmælum aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr., varði fyrirmælin komu til hafnar eða lendingu, lestun eða affermingu skips eða loftfars, sem um stundarsakir er statt í íranskri landhelgi eða loftrými, eða örugga gegnumferð þeirra.

4. Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er bannað að framlengja eða endurnýja tryggingar- og endurtryggingarsamninga, sem eru gerðir fyrir 30. september 2025, en, með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. 23. gr., er ekki bannað að uppfylla ákvæði samninga sem eru gerðir fyrir þann dag.“

16) Í stað 36. og 37. gr. kemur eftirfarandi:

„VI. KAFLI

TAKMARKANIR Á FLUTNINGUM

36. gr.

1. Til þess að koma í veg fyrir flutning vara og tækni, sem hinn sameiginlegi hergagnalisti Evrópusambandsins tekur til og bannað er að afhenda, selja, flytja til, flytja út eða flytja inn samkvæmt þessari reglugerð, gildir, auk reglnanna um þá skyldu að veita upplýsingar fyrir innflutninginn og útflutninginn, samannber viðeigandi ákvæði um aðflutnings- eða brottflutningsyfirlitsskýrslur og um tollskýrslur, sem er að finna í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92⁽⁹⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2454/93⁽¹⁰⁾, að aðilinn sem veitir þær upplýsingar sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, greini frá því hvort hinn sameiginlegi hergagnalisti Evrópusambandsins eða þessi reglugerð taki til varanna og, sé útflutningur þeirra leyfisskyldur, tilgreini nánar einstök atriði í því útflutningsleyfi sem veitt er.

2. Senda skal þau viðbótaratriði, sem krafist er og um getur í þessari grein, annaðhvort skriflega eða með því að notast við tollskýrslur, eftir því sem við á.

37. gr.

1. Lagt er bann við því að veita skipum í beinni eða óbeinni eigu íransks aðila, rekstrareiningar eða stofnunar eða skipum, sem eru beint eða óbeint undir þeirra stjórn, þjónustu sem tengist eldsneytistöku eða aðföngum skipa eða aðra þjónustu við skip, hafi veitendur þjónustunnar undir höndum upplýsingar, m.a. frá til þess bærum töllyfirvöldum, byggðar á þeim upplýsingum um innflutning eða útflutning sem um getur í 36. gr., sem gefa gilda ástæðu til að segja til um að skipin flytji vörur, sem eru á sameiginlega hergagnalistanum, eða vörur, sem bannað er að afhenda, selja, flytja til eða flytja út samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, nema nauðsynlegt sé að veita slíka þjónustu vegna mannúðar- og öryggissjónarmiða.

2. Lagt er bann við því að veita loftförum til farmflutninga í beinni eða óbeinni eigu íransks aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, eða slíkum loftförum, sem eru beint eða óbeint undir þeirra stjórn, verkfræði- eða viðhaldsþjónustu, hafi veitendur þjónustunnar undir höndum upplýsingar, m.a. frá til þess bærum töllyfirvöldum, byggðar á þeim upplýsingum um innflutning og útflutning sem um getur í 36. gr., sem gefa gilda ástæðu til að segja til um að fyrirnefnd loftför flytji vörur, sem eru á sameiginlega hergagnalistanum, eða vörur, sem bannað er að afhenda, selja, flytja til eða flytja út samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, nema nauðsynlegt sé að veita slíka þjónustu vegna mannúðar- og öryggissjónarmiða.

3. Bönnin í 1. og 2. mgr. þessarar greinar gilda uns farmurinn hefur verið skoðaður og, ef nauðsyn krefur, hald hefur verið lagt á hann eða honum ráðstafað, eftir atvikum.

Heimilt er að leggja hald á og ráðstafa farmi, eftir landslögum eða samkvæmt ákvörðun lögbærs stjórnvalds, á kostnað innflytjanda eða innheimta áfallinn kostnað hjá öðrum aðila eða rekstrareiningu sem er ábyrg fyrir tilraun til ólöglegrar afhendingar, sölu, tilflutnings eða útflutnings.“

17) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„37. gr. a

1. Lagt er bann við því að veita eftirfarandi þjónustu fyrir olíuflutningaskip og flutningaskip sem sigla undir fána Íslamska lýðveldisins Írans eða sem íranskur aðili, rekstrareining eða stofnun á, leigir eða rekur með beinum eða óbeinum hætti:

- a) flokkunarþjónustu af hvaða tagi sem er, þ.m.t. en þó ekki einvörðungu:
 - i. framleiðsla og beiting flokkunarreglna eða tækniforskrifta viðvíkjandi hönnun, smíði, tækja-búnaði og viðhaldi skipa, ásamt stjórnkerfum um borð í skipum,
 - ii. framkvæmd kannana og eftirlits samkvæmt flokkunarreglum og -verklagi,
 - iii. úthlutun flokkunartákns og afhending, áritun eða endurnýjun samræmisskírteina sem staðfesta að flokkunarreglum eða -forskriftum sé fylgt,
- b) yfirumsjón með og þátttöku í hönnun, smíði og viðgerðum skipa og hluta þeirra, þ.m.t. forsmíðaðar einingar, íhlutir, vélbúnaður, raflagnir og stjórnbúnaður, ásamt tengdri tæknaðstoð, fjármögnun eða fjárhagsaðstoð,
- c) eftirlit, prófanir og vottun búnaðar, efniviðar og íhluta fyrir skip, ásamt yfirumsjón með búnaði um borð og yfirumsjón með kerfisheildun,
- d) framkvæmd kannana, eftirlits, endurskoðunar og heimsóknar og útgáfu, endurnýjun eða áritun við-eigandi skírteina og samræmingarskjala af hálfu stjórnvalds fánaríkis, samkvæmt alþjóðasamningnum um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974, með áorðnum breytingum (SOLAS 1974), og bókuninni við hann frá 1988, alþjóðasamningnum um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973, með breytingum samkvæmt bókun frá 1978 sem hann varðar, með áorðnum breytingum (MARPOL-samningurinn frá '73/78), samningnum um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, með áorðnum breytingum (COLREG 1972), alþjóðasamningnum um hleðslumerki skipa frá 1966 (LL 1966) og bókuninni við hann frá 1988, alþjóðasamningnum um viðmiðanir að því er varðar menntun og hjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978, með áorðnum breytingum (STCW), og alþjóðasamningnum um mælingar skipa frá 1969 (TTCM 1969).

2. Bannið í 1. mgr. gildir frá 1. janúar 2026.

37. gr. b

1. Lagt er bann við því að bjóða fram skip sem eru hönnuð fyrir flutninga eða geymslu á olíu og efnum sem unnin eru úr jarðolíu eða jarðgasi:

- a) til handa írönskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun eða
- b) til handa hvaða öðrum aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er, nema þeir aðilar sem útvega skip hafi gert viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að viðkomandi skip sé notað til þess að flytja eða geyma olíu eða efni unnin úr jarðolíu eða jarðgasi sem eru upprunnin í Íran eða hafa verið flutt út frá Íran.

2. Bannið í 1. mgr. hefur ekki áhrif á framkvæmd skuldbindinga, sem stofnast samkvæmt samningum og fylgisamningum er um getur í b- og c-lið 1. mgr. 12. gr. og b- og c-lið 1. mgr. 14. gr., að því tilskildu að viðkomandi lögbæru stjórnvaldi hafi verið tilkynnt um innflutning og flutning á íranskri hráolíu, jarðolíu eða efnum unnum úr jarðolíu eða jarðgasi skv. 1. mgr. 12. gr. eða 1. mgr. 14. gr.“

18) Í stað a-liðar 1. mgr. 38. gr. kemur eftirfarandi:

„a) tilgreindum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru á skrá í VIII. og IX. viðauka,“.

19) Eftirfarandi grein er bætt við:

„39. gr.

Að því er varðar 8. og 9. gr., 17. gr. (b-liður 2. mgr.), 30. og 35. gr. skulu stofnanir, rekstrareiningar eða handhafar réttinda, sem rekja má til frumgerðar samnings um framleiðslusamvinnu sem stjórnvöld í fullvalda ríki öðru en Íran gera fyrir 30. september 2025, ekki álitin vera íranskir aðilar, rekstrareiningar eða stofnanir. Lögbær stjórnvöld í hlutaðeigandi aðildarríki geta, í slíkum tilvikum og að því er varðar 8. gr., krafist viðeigandi tryggingar um hver sé endanlegur notandi frá hvaða stofnun eða rekstrareiningu sem er vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings á undirstöðutækjabúnaði eða -tækni sem er á skrá í VI. viðauka.“

20) Í stað a-liðar 1. mgr. 40. gr. kemur eftirfarandi:

„a) beina, án tafar, öllum upplýsingum, sem myndu greiða fyrir því að unnt sé að fara að ákvæðum þessarar reglugerðar, t.d. upplýsingum um reikninga og fjárhæðir, sem eru fryst skv. 23. gr., til viðkomandi lögbærra stjórnvalda í þeim aðildarríkjum þar sem þeir eða þær hafa heimilisfesti eða eru staðsettir eða staðsettar, og senda framkvæmdastjórninni þessar upplýsingar millilíðalaust eða fyrir atbeina aðildarríkjanna,“.

21) Í stað 41. gr. kemur eftirfarandi:

„41. gr.

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þær aðgerðir er um getur í 2. gr., 4. gr. a, 4. gr. b, 5. gr. (1. mgr.), 8. gr., 9. gr., 10. gr. a, 10. gr. b, 10. gr. d, 10. gr. e, 11. gr., 13. gr., 14. gr. a, 15. gr. a, 15. gr. b, 17. gr., 22. gr., 23. gr., 30. gr., 30. gr. a, 34. gr., 35. gr., 37. gr. a eða 37. gr. b séu sniðgengnar.“

22) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 42. gr.:

„3. Ef aðili, rekstrareining eða stofnun, sem þessi reglugerð tekur til, eða starfsmaður eða stjórnandi slíks aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, birtir í góðri trú, sbr. ákvæði 30. og 31. gr., þær upplýsingar sem um getur í 30. og 31. gr., gefur það ekki tilefni til þess að viðkomandi stofnun eða aðili eða stjórnendur eða starfsmenn hennar eða hans sæti ábyrgð af neinu tagi.“

23) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„43. gr.

1. Ef framkvæmd þessarar reglugerðar hefur áhrif á samstarf við íranskan aðila, rekstrareiningu eða stofnun, getur aðildarríki gripið til allra þeirra aðgerða sem það telur nauðsynlegar til þess að tryggja að viðeigandi lagalegum skuldbindingum að þjóðarétti, samkvæmt regluverki Sambandsins eða landslögum um heilbrigði og öryggi starfsmanna og um umhverfisvernd sé sinnt.

2. Bönnin í 8. og 9. gr., 17. gr. (b-liður 2. mgr.), 23. gr. (2. mgr.), 30. og 35. gr. gilda ekki um aðgerðir sem gripið er til skv. 1. mgr.

3. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um aðgerðir sem eru ákveðnar og um getur í 1. mgr. og um þá fyrirætlun sína að veita heimild, eigi síðar en tíu virkum dögum áður en heimild er veitt. Hlutaðeigandi aðildarríki getur, komi til atviks þar sem umhverfinu er ógnað og/eða heilsu og öryggi starfsfólks í Sambandinu, sem krefst tafarlausra aðgerða, veitt heimild án fyrirframtilkynningar og skal þá tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um það innan þriggja virkra daga eftir að hafa veitt heimildina.

43. gr. a

1. Þrátt fyrir ákvæði 8., 9. og 17. gr. (1. mgr.), að því er varðar íranskan aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem um getur í b-lið 2. mgr. 17. gr. og 2. og 3. mgr. 23. gr., að því leyti sem þau vísa til aðila, rekstrareininga og stofnana, sem eru á skrá í IX. viðauka og 30. og 35. gr., geta lögbær stjórnvöld í aðildarríki heimilað, með þeim skilyrðum sem þau telja við eiga, starfsemi, sem tengist leit eða nýtingu á vetniskolefnum innan Sambandsins, sem fer fram samkvæmt heimild fyrir þess háttar leit eða nýtingu sem aðildarríki hefur gefið út til handa aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í IX. viðauka, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) að heimild fyrir leit eða nýtingu á vetniskolefnum innan Sambandsins hafi verið gefið út fyrir þann dag þegar viðkomandi aðili, rekstrareining eða stofnun, sem er á skrá í IX. viðauka, var tilgreind og
- b) að heimildin sé nauðsynleg til að forðast eða ráða bót á umhverfistjóni í Sambandinu eða að koma í veg fyrir varanlega eyðingu virðis heimildarinnar, m.a. með því að tryggja, til bráðabirgða, þá leiðslu og grunnvirki sem eru notuð í tengslum við þá starfsemi sem heimildin tekur til. Fyrirnefnd heimild getur falið í sér aðgerðir sem er gripið til samkvæmt landslöggjöf.

2. Undanþágan, sem kveðið er á um skv. 1. mgr., skal aðeins veitt eins lengi og nauðsyn krefur og gildi hennar skal eigi vera meira en gildi þeirrar heimildar sem var veitt þeim aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í IX. viðauka. Telji viðkomandi lögbært stjórnvald nauðsyn á aðilaskiptum vegna samninga eða greiðslum skaðleysisbóta skal gildistími undanþágunnar eigi vera lengri en fimm ár.

3. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um þá fyrirætlun sína að veita heimild eigi seinna en tíu virkum dögum áður en hún er veitt. Hlutaðeigandi aðildarríki getur, sé umhverfinu ógnað í Sambandinu sem krefst tafarlausra aðgerða til að koma í veg fyrir umhverfis-spjöll, veitt heimild án fyrirframtilkynningar og skal þá tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um það innan þriggja virkra daga eftir að hafa veitt heimildina.“

24) Í stað a-liðar 1. mgr. 44. gr. kemur eftirfarandi:

„a) um frysta fjármuni skv. 23. gr. og heimildir sem veittar eru skv. 24., 25., 26. og 27. gr.,“.

25) Í stað 45. og 46. gr. kemur eftirfarandi:

„45. gr.

Framkvæmdastjórnin skal:

- a) gera breytingar á II. viðauka á grundvelli ákvarðana, annaðhvort öryggisráðs SP eða framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir eða á grundvelli upplýsinga frá aðildarríkjunum,
- b) gera breytingar á II. viðauka A, III. og IV. viðauka, IV. viðauka A, V. og VI. viðauka, VI. viðauka A., VI. viðauka B, VII. viðauka, VII. viðauka A, VII. viðauka B og X. viðauka á grundvelli upplýsinga frá aðildarríkjunum.

46. gr.

1. Færi öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun á skrá, skal ráðið fella slíkan einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun inn í VIII. viðauka.
2. Ákveði ráðið að þær aðgerðir, sem um getur í 2. og 3. mgr. 23. gr., skuli varða tiltekinn einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, skal það gera viðeigandi breytingar á IX. viðauka.
3. Ráðið skal tilkynna ákvörðun sína, m.a. ástæður þess að viðkomandi er færður á skrá, þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem um getur í 1. eða 2. mgr., annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar, þar sem fyrirnefndum einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun býðst að leggja fram athugasemdir sínar.
4. Ef athugasemdir eru gerðar eða traust, ný gögn lögð fram, skal ráðið endurskoða ákvörðun sína og upplýsa viðkomandi einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun um niðurstöðuna.
5. Ákveði Sameinuðu þjóðirnar að taka einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun af skrá eða breyta gögnum sem auðkenna einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem hefur verið færð á skrá, skal ráðið gera viðeigandi breytingar á VIII. viðauka.
6. Endurskoða ber skrána í IX. viðauka með reglulegu millibili og a.m.k. á 12 mánaða fresti.“

26) Viðaukunum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. september 2025.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

M. BØDSKOV

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/1972, 29.9.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/1972/oj>.

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins 2010/413 frá 26. júlí 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2007/140/SSUÖ (Stjtið. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 39, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2010/413/oj>).

⁽³⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 267/2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 961/2010 (Stjtið. ESB L 88, 24.3.2012, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2012/267/oj>).

⁽⁴⁾ Yfirlýsing ráðsins 2015/C 345/1 frá 18. október 2015 (Stjtið. ESB C 345, 18.10.2015, bls. 1).

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 97/7/EB, 2002/65/EB, 2005/60/EB og 2006/48/EB og niðurfellingu tilskipunar 97/5/EB (Stjtið. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2007/64/oj>).

⁽⁶⁾ Reglugerð ráðsins (EB) 428/2009 frá 5. maí 2009 um að setja Bandalagsreglur um eftirlit með útflutningi, tilflutningi, miðlun og viðkomu hluta með tvíþætt notagildi (Stjtið. ESB L 134, 29.5.2009, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2009/428/oj>).

⁽⁷⁾ Síðasta útgáfa er birt í Stjtið. ESB C, C/2025/1499, 6.3.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/C/2024/1499/oj>

⁽⁸⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 515/97 frá 13. mars 1997 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í aðildarríkjunum og samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja rétta beitingu tolla- og landbúnaðarlaga (Stjtið. EB L 82, 22.3.1997, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/1997/515/oj>).

⁽⁹⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92 frá 12. október 1992 um setningu tollareglna Bandalagsins (Stjtið. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/1992/2913/oj>).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2454/93 frá 2. júlí 1993 um ákvæði vegna framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2913/92 um setningu tollareglna Bandalagsins (Stjtið. EB L 253, 11.10.1993, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/1993/2454/oj>).

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/reg/2025/1975/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.